



Heilög ritning
- orð Guds og móðurmálid

Sýning og málþing í Þjóðarbókhöðu 2007



Heilög ritning - orð Guds og móðurmálid

Sýning og málsýning í Djóðarbókhöndunni

19. október - 31. desember 2007





Ávarp biskups Íslands

Herra Karls Sigurbjörnssonar

Ég fagna þeirri sýningu sem hér er efnt til og þakka þeim sem að henni standa. Hér gefst innsýn í sögu biblíupýðinga og útgáfu á Íslandi, og það stórvirki sem innt hefur verið af hendi með hinni nýju útgáfu Biblíunnar.

Við megum vera stolt af því, Íslendingar, að hlutar ritningarinnar voru þýddir á íslensku óvenju snemma. Sú staðreynd, og áhersla íslenskra kirkjuleiðtoga siðbótartímans á að Orð Guðs skyldi ætíð vera boðað hér á íslenskri tungu hefur haft meiri áhrif en nokkuð annað á varðveislu málsins og sjálfstæði þjóðarinnar. Hómilíubókin, Odds testamenti og Guðbrandsbiblía, þessi öndvegisrit íslenskrar menningar vitna um frjómagn tungunnar og samhengi hugsunar og tjáningar. Hin nýja þýðing stendur á þeim trausta og göfuga grunni.

Þýðingarstarfið og útgáfa Biblíunnar nú hefur verið vandaverk, mikið þrekvirki sem fjölmargir hafa komið að á löngu árabili. Þeim öllum skal þakkað heilum huga.

Hið íslenska Biblíufélag lagði frá upphafi megináherslu á að vandað væri til íslensks búnings hinnar nýju þýðingar ekki síður en að nákvæmlega væri þýtt úr frum-málunum og jafnframt fyllsta tillit tekið til stíls frumtextans. Í hvívetna skyldi tillit tekið til hinna almennu lesenda, notkunar í helgihaldi og íslenskrar biblíumáls-hefðar. Þeim var sannarlega vandi á höndum sem falið var það hlutverk að vinna samkvæmt slíkri forsögn, og álitamálin æði mörg á veginum. En ljóst er að það góða fólk hefur verið þeim vanda vaxið.

Útkoma hinnar nýju Biblíupýðingar markar mikilvæg tímamót. Ekki aðeins fyrir kristni landsins og kirkju heldur þjóðina alla. Hún er líka herhvöt til okkar allra að sækja fram fyrir hönd íslenskrar tungu. Landið, tungan, sagan og trúin eru hornsteinar okkar þjóðmenningar og sjálfsmyndar. Þess vegna skulum við biðja með Hallgrími:

„Gefðu, að móður málið mitt, minn Jesús, þess ég beiði, frá allri villu klárt og kvitt, krossins orð þitt út breiði um landið hér, til heiðurs þér, helst mun það blessun valda, meðan þín náð lætur vort láð lýði og byggðum halda.“ (Pass.35)



Ný þýðing Biblíunnar

Aðdragandi nýrrar þýðingar

Eins og flestum er kunnugt hefur um allnokkurt skeið verið unnið að nýrri þýðingu Biblíunnar á vegum Hins íslenska biblíufélags. Fá rit eru jafn heillandi viðfangs og Biblían. Hún hafði verið gefin út á íslensku tíu sinnum í heild og nú er það ellefta útgáfan sem lítur dagsins ljós og birtir þjóðinni trúarboðskap kristinna manna í nýrri þýðingu. En í Biblíunni má einnig kynnst breytingum á málfari og stíl og í henni má kynnst blómaskeiði íslenskrar tungu, hnignun hennar og endurreisn ef menn hafa áhuga á. Íslensk biblíusaga er orðin ærið löng. Rúm 420 ár eru frá því að öll Biblían var fyrst prentuð hérlendis og ekki er óeðlilegt að textinn hafi eitthvað breyst á svo löngum tíma. Ef vel er að gáð er biblíuhefðin þó rík og menn hafa ávallt verið tregir til að breyta því sem þeir þekkja vel. Margir kaflar hafa lifað næstum óbreyttir frá einni þýðingu til annarrar allt frá 16. öld, kaflar sem menn hafa ekki endilega lært af bókinni, heldur hafa varðveist í munnlegri geymd og borist frá kynslóð til kynslóðar.

Aðdragandi nýrrar þýðingar var sá að við útgáfu Biblíunnar 1981 var þýðing Gamla testamentisins tekin lítið breytt úr útgáfunni frá 1912 og endurprentuð. Einhverjar breytingar voru þó gerðar á Sálmunum, engar stórvægilegar. Sumir hlutar Nýja testamentisins voru hins vegar endurþýddir en aðrir endurskoðaðir. Fljótlega var farið að ræða um nýja þýðingu Gamla testamentisins og apókrýfu bókanna með nýja útgáfu allrar Biblíunnar í huga. Um fyrstu skrefin ætla ég ekki að fjölýrða en framhald þeirra varð að Hið íslenska biblíufélag og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands gerðu með sér samstarfssamning þar sem línur voru lagðar varðandi þýðinguna. Dr. Sigurður Örn Steingrímsson var ráðinn aðalþýðandi en leita mátti til annarra þýðenda eftir þörfum. Þeir urðu síðan Jón Gunnarsson lektor, sem þýddi allmargar bækur, séra Árni Bergur Sigurbjörnsson, prófessor Þórir Kr. Þórðarson og prófessor Gunnlaugur A. Jónsson.

Skipuð var þýðingarnefnd sem fara skyldi yfir texta þýðendanna og bera lokaábyrgð á textanum gagnvart Biblíufélaginu. Hún var upphaflega skipuð þannig að Þórir Kr. Þórðarson var formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru: séra Árni Bergur Sigurbjörnsson, séra Gunnar Kristjánsson, Gunnlaugur A. Jónsson prófessor og

Guðrún Kvaran sem sat í nefndinni sem fulltrúi Íslenskrar málnefndar. Séra Sigurður Pálsson, þáverandi framkvæmdastjóri Biblíufélagsins, var ritari nefndarinnar. Þegar Þórir Kr. Þórðarson veiktist og dró sig í hlé frá þýðingunni var Guðrún Kvaran valin formaður og Sigurður Pálsson var tilnefndur í nefndina. Þessari þýðingarnefnd var einnig falið að fara yfir apókrýfu bækurnar sem Árni Bergur hafði þýtt að nýju og gefnar voru út 1994.

Vinna við endurskoðun á Nýja testamentinu hófst árið 2002 og var erindisbréf nefndarinnar undirritað í október það ár. Það er nær samhljóða erindisbréfi Gamla testamentisnefndarinnar. Þýðandi var Jón Sveinbjörnsson prófessor emeritus. Í þýðingarnefnd voru valin Árni Bergur Sigurbjörnsson, Guðrún Kvaran og þýðandinn. Einar Sigurbjörnsson prófessor kom í nefndina 2003 í veikindum Árna Bergs. Í hlut þýðanda kom að þýða bréfin og Opinberunarbókina. Guðspjöllin og Postulasöguna, sem þýdd voru að nýju fyrir útgáfuna 1981, átti að endurskoða og samræma nýrri þýðingu bréfa og Opinberunarbókar. Hlutverk þýðingarnefndar var hið sama og Gamla testamentisnefndarinnar, þ.e. að fara vandlega yfir textann og búa hann til prentunar.



Hluti þýðingarnefndar Gamla testamentisins að störfum. Frá vinstri: Gunnlaugur A. Jónsson, Guðrún Kvaran og séra Sigurður Pálsson. Á myndina vantar séra Gunnar Kristjánsson og Jón Gunnarsson.

Erindisbréf þýðingarnefndar Gamla testamentisins

Þýðingarnefnd Gamla testamentisins fékk erindisbréf til þess að vinna eftir og varð það þungamiðjan í starfi nefndarinnar. Í því stendur:

Íslenskar biblíuþýðingar hafa mótað málfar Íslendinga um liðnar aldir. Ný íslensk biblíuþýðing mun móta íslenskt málfar um komandi tíma og þess vegna er brýnt að vandað sé til íslensks búnings hennar ekki síður en að nákvæmlega sé þýtt úr frummálunum og jafnframt tekið tillit til stíls frumtexta. Sú biblíuþýðing sem unnið er að er kirkjubiblía og ber því einnig um stíl að taka tillit til breiðs lesendahóps, notkunar í helgihaldi og íslenskrar biblíuhefðar.

Þessi texti stendur einnig í erindisbréfi þýðingarnefndar Nýja testamentisins og er því afar mikilvægur. Hann hefur verið báðum nefndunum leiðarljós á oft vandrötuðum vegi um erfiða og viðkvæma texta, í samskiptum þeirra við þýðendur og



Sigurður Örn Steingrímsson
þýðandi Gamla testamentisins.

í svörum við athugasemdum lesenda. Sannast að segja hefur alls ekki alltaf verið auðvelt að finna leiðir í þýðingarstarfinu sem ekki stangast á við erindisbréfið. Þýða á nákvæmlega úr frummálanum og taka tillit til stíls frumtexta en það á einnig að taka tillit til íslenskrar biblíuhefðar. Hvað á að gera ef biblíuhefðin og nákvæma þýðingin fara ekki sömu leið? Það á einnig að taka tillit til breiðs lesendahóps en hvað er átt við með því? Á að sjá til þess að allir skilji allt í textum Biblíunnar, og hver er þá tryggðin við frumtextann og biblíuhefðina? Hvað er vandaður íslenskur búningur? Getum við leyft okkur að taka úr eldri textum öll þau orð sem við teljum að hvert mannsbarn skilji ekki og setja inn önnur hversdagslegri og algengari í staðinn? Erum við þá ekki að vinna spjöll á íslenski tungu og auka orðfæðina? Þessar spurningar og margar fleiri hafa þýðingarnefndirnar glímt við árum saman og reynt að bregðast við þeim eftir bestu getu hverju sinni.

Íslenskur búningur og stíll frumtexta

Þýðingarnefnd Gamla testamentisins hafði engar reglur eða leiðbeiningar í höndum þegar hún hóf starf sitt. Þær mótuðust smám saman á fyrstu misserum starfsins. Þýtt var úr hebresku eftir texta sem mest sátt er um, þ.e. Biblia hebraica Stuttgartensia, og aðeins var vikið frá þeim texta ef nauðsyn krafði. Við yfirferðina var stuðst við eldri íslenskar Biblíur en einnig nýjar þýðingar frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þýskar Biblíur, breskar og bandarískar. Nefndin taldi að einkenni góðs íslensks stíls væru m.a. fólgin í því að hafa setningar stuttar, án margra innskotssetninga. Því var reynt að forðast langar málsgreinar en þær brotnar upp með því að setja punkt og byrja nýja aðalsetningu og er þar um talsverðan mun að ræða frá biblíuþýðingunni frá 1912. Í þeirri þýðingu var fylgt stefnu tíðarandans að þýða orð með orði og setningu með setningu sem kallaði mjög á innskotssetningar. Beinni ræðu er oftast haldið í nýju þýðingunni en þó hefur komið fyrir að bein ræða hefur verið leyst upp í óbeina, einkum þar sem bein ræða kemur inn í beina ræðu, sem þegar er hafin, og betur fer á í íslensku að leysa aðra upp. Við höfum reynt að forðast nástöðu orða með því að breyta um orð, oftast sögn, þótt hebreskan hafi sama orðið á báðum stöðum. Af sömu ástæðu höfum við fellt niður orð sem tvítekin eru í hebresku þar sem betur fer á því í íslensku. Við höfum þó farið varlega með þetta. Það verkar oft ankannalega á íslenskan lesanda að sjá hið sama sagt tvisvar með örlitlum orðalagsmun þar sem fyrri staðurinn einn nægir. Þetta samræmist illa hinum knappa stíl íslenskunnar. Þá höfum við ídulega notað fornafn í framhaldi af nafnorði þar sem hebreski textinn hefur nafnorð á báðum stöðum. Þar er ekki um merkingarmun að ræða, aðeins mun á stíl og tungumálum. Þetta eru nokkrar hinna almennu reglna sem þýðingarnefnd Gamla testamentisins vann eftir en á hverjum fundi komu upp einhver vandamál af öðru tagi sem takast varð á við.

Nýja testamentið er þýtt úr grísku og fór þýðingarnefndin svipaðar leiðir og þýðingarnefnd Gamla testamentisins. Hver bók Biblíunnar hefur sín sérkenni sem halda verður til haga og ýmis vandamál héldust í umræðunni í báðum nefndunum alveg fram á lokasprettinn. Ef ég dreg þýðingarstefnuna saman í heild má segja að markmiðið hafi verið að skila sem nákvæmustum texta á sem bestu máli.

Allmikill tími fór í að ræða tvö álitamál sem teljast verða til meginbreytinga á ritinu þar sem þau varða alla texta Biblíunnar á einn eða annan hátt og snerta stíl hans meira en flest annað. Fyrri athugasemdin snýr að meðferð tvítölu og fleirtölu en hin síðari að því sem nefnt hefur verið „mál beggja kynja“. Um bæði þessi atriði eru mjög skiptar skoðanir og hvorugt er auðvelt viðureignar.

Aðgreining tvítölu og fleirtölu hefur haldist frá elstu biblíuþýðingum og fram á þennan dag. Ýmsir vildu nú nýta tækifærið og nota í nýrri þýðingu eingöngu þá fleirtölu (gömlu tvítöluna) sem ríkjandi er í dag. Þýðingarnefndin taldi að það væri meira mál að breyta frá gamalli hefð en svo að hún gæti stigið það skref ein og leitaði álits Hins íslenska biblíufélags. Niðurstaðan varð sú að halda aðgreiningu tvítölu og fleirtölu á ákveðnum stöðum. Þeir eru:

1. Að jafnaði sé notuð tvítölumyndin við/okkur í sögutextum, beinni frásögn, lagatextum og prósa.
2. Í litúrgískum textum, sálmum, bænum og ljóðum verði notuð fleirtölumyndin vér/oss.
3. Þar sem vafi leikur á skal hin forna fleirtölumynd notuð.

Hvað Nýja testamentið varðar þá tók Hið íslenska biblíufélag einnig á þeim vanda. Textinn er almennt í tvítölu nema ræður Jesú, orð engla og bænir og í bréfunum eru lofsöngvar í fleirtölu en textinn að öðru leyti í tvítölu. Þessi breyting er ekki auðveld viðureignar. Stundum er verulega erfitt að skera úr um hvort Jesús er að flytja ræðu eða hvort hann er að tala almennt til lærisveina sinna.

Mál beggja kynja vegur ekki eins þungt í Gamla testamentinu og í hinu Nýja. Gamla testamentisnefndin breytti oftast fornafninu þeir í þau ef fullljóst var að um blandaðan hóp var að ræða, annars ekki. Vissulega er þýðingin þarna ekki frumtextanum trú þar sem hebreski textinn notaði karlkyn fleirtölu.

Í verklýsingu Nýja testamentisnefndarinnar kemur hins vegar fram að stefna skuli að því að hvorugkyn fleirtölu sé notað í stað karlkyns fleirtölu þar sem fjallað er um bæði kynin. Það varð því ofan á hjá þýðingarnefndinni að nota víðast hvar systkin,



*Jón Sveinbjörnsson þýðandi
Nýja testamentisins*



Árni Bergur Sigurbjörnsson
sat í þýðingarnefnd Gamla
og Nýja testa-mentisins og
þýddi apókrýfu bækur
Gamla testamentisins.

trúsystkin eða bræður og systur í stað bræður eftir að þýðingarnefndinni barst í hendur samþykkt stjórnar Hins íslenska biblíufélags í júní 2004. Þar stendur: „Leitast verði við að koma til móts við kröfur um mál beggja kynja. Jafnframt verði á engan hátt raskað grundvallaratriðum íslenskrar málfraeði og hefðar. Þannig verði orðið „systkin“ í stað „bræður“ í ávarpi bréfa Nýja testamentisins og annars staðar þar sem gera má ráð fyrir að konur séu meðal lesenda eða áheyranda.“

Kirkjubiblía og notkun í helgihaldi

Í erindisbréfi þýðingarnefndanna er tekið fram að sú Biblía sem stefnt sé að skuli vera kirkjubiblía og því beri að taka tillit til breiðs lesendahóps og notkunar í helgihaldi hvað stíl varðar. Með kirkjubiblíu er átt við Biblíu sem unnt er að lesa úr við helgihald þannig að áheyrandinn haldi þræði og týni honum ekki í óeðlilegri orðaröð og fjölda aukasetninga. Boðskapurinn verður að komast áreynslulítið til skila. Hinn breiði lesendahópur, þ.e. fólk á öllum aldri, þarf að geta lesið textann sér til gagns og ánægju og kirkjan verður að geta náð til nýrra lesenda sem hrökkva ekki frá biblíutexta sem er of langt frá því málfari sem þeim er tamt. Ekki er átt við að slaka eigi á málfarslegum kröfum eða einfalda orðaforðann um of. Texti Biblíunnar á ávallt að vera fyrirmynd annarra texta á hverjum tíma, vandaður og krefjandi en þó auðlæsilegur, en það verður hann ekki nema tekið sé tillit til eðlilegrar þróunar tungumálsins.

Íslensk biblíuhefð

Eins og áður sagði eru rúm 420 ár frá því að Biblía Guðbrands Þorlákssonar biskups var gefin út. Rúmum fjórum áratugum áður var Nýja testamentið prentað í þýðingu Odds Gottskálkssonar. Allt frá dögum þeirra Odds og Guðbrands hefur fastur kjarni Biblíunnar staðist tímans tönn þrátt fyrir endurskoðun, endurþýðingar og lagfæringar og það er þessi kjarni sem hlýtur að teljast íslensk biblíuhefð. Margir textar eru mönnum svo viðkvæmir að við þeim má ekki hrófla, t.d. boðorðin, fadirvorið, hlutar fjallræðunnar og ýmsir af Sálmunum, og báðar þýðingarnefndir hafa reynt að forðast að breyta slíkum textum að ástæðulausu aðeins breytinganna vegna. Hér verða nú sýnd fjögur dæmi úr þýðingarsögu Biblíunnar og voru í því skyni ekki valdir textar sem flestir kunna utanbókar. Eitt dæmið er úr Gamla testamentinu, hin úr hinu Nýja.

Fyrsti kafli Jesaja, 2.–4. vers (stafrætning samræmd):

Biblía Guðbrands Þorlákssonar 1584: Heyrið þér himnar! og þú jörð! Hlusta með eyrunum, því að Drottinn hann talar. Eg hefi börn upp fóstrað og upphafið, og þau

eru fallin frá mér. Nautið það þekkir sinn herra og asninn jötu síns herra, en Ísrael þekkir það ekki og mitt fólk skynjar það eigi. O vei því synduga fólk! Því fólk mikillra misgjörða, þess illskufulla sæðisins, þeim skaðsömu börnum sem yfirgefa Drottin, þeir eð lasta þann hinn heilaga í Ísrael og ganga á bak sér aftur.

Viðeyjarbiblía 1841: ²Heyrið! þér himnar. Hlusta til! þú jörð því Drottinn talar. Eg hefi fóstrað börn og upp alið þau, en þau hafa sett sig upp á móti mér. ³Uxinn þekkir eiganda sinn, og asninn jötu húsbónda síns; en Ísraelslýður þekkir ekkert, mitt fólk athugar ekkert. ⁴Vei hinni syndugu þjóð! Vei þeim lýðum, sem sekur er í þungum misgjörðum, því afsprenginu vondra manna, þeim börnum er haga illa framferði sínu! Þeir hafa yfirgefið Drottin, hafnað hinum heilaga Guði Ísraels og snúið baki við honum.


Biblían 1912 (engin frávík í Biblíunni 1981): ²Heyrið, þér himnar! og hlusta þú, jörð! því að Drottinn talar. Eg hefi fóstrað börn og fætt þau upp, og þau hafa risið gegn mér. ³Uxinn þekkir eiganda sinn og asninn jötu húsbónda síns, en Ísrael þekkir ekki, mitt fólk skilur ekki. ⁴Vei hinni syndugu þjóð, þeim lýð, sem misgjörðum er hlaðinn, afsprengi illræðismannanna, spilltum börnum! Þeir hafa yfirgefið Drottin, smáð hinn heilaga í Ísrael og snúið baki við honum.

Biblían 2007: ²Heyr þú, himinn, hlusta þú, jörð, því að Drottinn talar. Ég hef fóstrað börn og alið þau upp en þau hafa brugðist mér. ³Uxinn þekkir eiganda sinn og asninn jötu húsbónda síns en Ísrael þekkir ekki, fólk mitt skilur ekki. ⁴Vei syndugri þjóð, lýð sem hlaðinn er misgjörðum, niðjum illræðismanna, spilltum börnum. Þér hafið yfirgefið Drottin, hafnað Hinum heilaga Ísraels og snúið baki við honum.

Annar kafli Mattheusarguðspjalls 3.–6. vers (stafsetning samræmd):

Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar 1540 og Guðbrandsbiblía 1584: En er Heródes kóngur heyrði það, hryggðist (skelfdist 1584) hann og öll Jerúsalem með honum og lét saman safna öllum kennimannahöfðingjum og skriflærðum lýðsins og forheyrði (spurðist fyrir 1584) af þeim hvar Kristur skyldi fæðast. En þeir sögðu honum: Til Betlehem í Júdea (Júda 1584). Því að svo er skrifað fyrir spámanninn: Og þú Betlehem á Júdalandi ert öngvaneginn hin minnsta á meðal höfðingjum (höfðingja 1584) Júda því að af þér mun koma hertogi sá er stjórna skal (herra skal vera 1584) yfir fólk mitt Írael (Ísrael 1584).

Viðeyjarbiblía 1841: ³En er Heródes kóngur heyrði þetta varð hann skelfdur og öll Jerúsalem með honum ⁴og lét samankalla alla ædstu presta og löglærða lýðsins og spurði þá: hvar Kristur ætti að fæðast? ⁵Þeir sögðu honum, til Betlehem í Júdeu því



*Gunnar Kristjánsson
sat í þýðingarnefnd
Gamla testamentisins*

þannig hefði spámaðurinn skrifað: ⁶Og þú Betlehem í Júdeu ert engan veginn hin minnsta á meðal merkisborga Júdeu; því frá þér mun kom höfðingi er ráða skal fyrir mínum lýð Ísreal.

Biblían 1912 og Biblían 1981: ³En er (Pegar 1981) Heródes kóngur (≠ kóngur 1981) heyrði þetta varð hann felmtsfullur (skelkaður 1981) og öll Jerúsalem með honum; ⁴og er hann hafði safnað (Og hann stefndi 1981) saman öllum æðstu prestunum og fræðimönnum lýðsins, (og 1981) spurði hann (≠ hann 1981) þá, hvar Kristur ætti að fæðast? (Hvar á Kristur að fæðast? 1981) ⁵Og þeir sögðu honum (Þeir svöruðu honum 1981): Í Betlehem í Júdeu. Því að (En 1981) þannig er ritað af (hjá 1981) spámanningnum: ⁶Og þú (Þú 1981) Betlehem, land í (í landi 1981) Júda, ert engan veginn hin minnsta á meðal höfðingja Júda (ekki ertu síst meðal hefðarborga Júda 1981); því að af þér mun kom höfðingi (höfðingi mun frá þér koma 1981), sem vera skal (verður 1981) hirðir lýðs míns (, Ísraels 1981).

Biblían 2007: ³Pegar Heródes heyrði þetta varð hann skelkaður og öll Jerúsalem með honum. ⁴Og hann stefndi saman öllum æðstu prestum og fræðimönnum og spurði þá: „Hvar á Kristur að fæðast?“ ⁵Þeir svöruðu honum: „Í Betlehem í Júdeu. En þannig er ritað hjá spámanningnum: ⁶Þú Betlehem, í landi Júda, ekki ert þú síst meðal hefðarborga Júda. Því að höfðingi mun frá þér koma sem verður hirðir lýðs míns, Ísraels.“

Fyrsti kafli Efesusbréfs, 3.–14. vers (stafsetning samræmd)

Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar 1540 og Guðbrandsbiblía 1584: Í hverjum vér höfum endurlausnina fyrir hans blóð sem er syndanna fyrirgefning eftir ríkdómi hans náðar sem oss er gnóglegana út skipt í allsháttuðum vísdómi og forsjáleik og hefir (hefur 1584) oss vita látið leyndan dóm síns vilja eftir sinni þóknun og hefir (hefur 1584) þann sama hér fram flutt fyrir hann það hann yrði predikaður þá uppfylling tímanna væri (var 1584) komin upp á það að hann upprétti (til samans taki 1584) alla hluti í Kristo, bæði þá sem á himnum (himni 1584) og á jörðu eru, fyrir hann sjálfan, fyrir hvern vær erum einninn til arfskiptis komnir, vér sem erum áður fyrirfram fyrirhugaðir eftir forsjó þess sem alla hluti verkar eftir ráði síns vilja upp á það vér séum hans dýrð til lofs sem áður fyrirfram vonum upp á Kristum.

Viðeyjarbiblía 1841: /.../⁷fyrir hvörn, það er fyrir hans blóð, vér höfum lausnina öðlast: fyrirgefningu syndanna af ríkdómi Guðs gæsku, ⁸hvörju hann hefir ríkuglega látið oss í té, með því að veita oss vísdóm og skilning, ⁹í því hann opinberaði oss leyndarráð síns velþóknanlega vilja, er hann hafði áður ályktað með sjálfum sér, ¹⁰nefnilega: þá sína ráðstöfun, að í uppfyllingu tímans allt skyldi sameinast í Kristi,

vísdómi og skilningi. ⁹Og hann hefur birt oss leyndardóm vilja síns, þann ásetning um Krist ¹⁰sem hann í náð sinni ætlaði sér að framkvæma í fyllingu tímanna: Að safna öllu sem til er á himni og jörðu undir eitt höfuð, Krist. ¹¹Í honum höfum vér þá líka öðlast arfleifðina eins og oss var fyrirhugað samkvæmt fyrirætlun hans er framkvæmir allt eftir ályktun vilja síns ¹²til þess að vér, sem áður höfum sett von vora til Krists, skyldum vera dýrð hans til vegsemdar.

¹³Í honum eruð og þér eftir að hafa heyrt orð sannleikans, fagnaðarerindið um sáluhjálp yðar og tekið trú á hann og verið merkt innsigli heilags anda sem yður var fyrirheitið. ¹⁴Hann er pantur arfleifðar vorrar að vér verðum endurleyst Guði til eignar, dýrð hans til vegsemdar.

Af þessum textabrotum má sjá að víða er orðalag hið sama en á öðrum stöðum er breytt til þess að nálgast málfar samtímans hverju sinni.

Stöðugt má bæta mikinn texta og tilfinning fyrir máli og stíl breytist eins og hún hefur gert um aldir. Markmið biblíupýðenda á að vera að skila á hverjum tíma eins góðum texta á eins vönduðu máli og frekast er unnt án þess að hvíka að þarflausu frá rótgróinni hefð.



*Gudrún Kvaran og
Einar Sigurbjörnsson að
störfum í þýðingarnefnd
Nýja testamentinsins.*

Þýðingar á íslensku

I

Þýðingar hafa verið hluti ritmenningar okkar Íslendinga frá öndverðu. Rithöfundar þeir sem settu á blað hinar miklu miðaldabókmenntir okkar voru allir lærðir menn sem tileinkuðu sér stíl og framsetningarmáta þann sem tíðkaðist í hópi slíkra manna í samtíð þeirra. Samtímis og jafnvel eldri bókmenntum okkar eru þýðingar á ýmiss konar efni er aðallega vörðuðu kirkju og kristni. Hómilíur og messuskýringar voru þýddar og eru þær til í Hómilíubókinni. Eins voru þýdd rit á borð við *Elucidarius* til að nota við fræðslu í klaustrum og skólum. *Heilagramanna sögur* og *Postulasögur* voru einnig þýddar. Stórir hlutar Biblíunnar voru þýddir og eru til í handriti því sem nefnist *Stjórn* og geymir aðallega hluta úr Gamla testamentinu. Biblíutilvitnanir má víða finna í íslenskum bókmenntum bæði beinar tilvitnanir og óbeinar skírskotanir. Biblíutilvitnanir í þýddum ritum fylgja að líkindum þeim texta sem þýddur er hverju sinni og því geta biblíutilvitnanir verið ólíkar frá einu riti til annars.

Sýnishorn á Biblíutextum í Hómilíubókinni:

Barnamorðin í Betlehem, annar kafli Matteusarguðspjalls, 3.-6. vers:

En er Herodes konungur sá, að hann var tældur af austurvegskonungum, þá sendi hann menn í Betlehem og lét drepa alla tvævetra sveina og yngri þá er vóru í Betlehem og í öllum endimörkum hennar. Þá fylltist það, er sagt var fyrir *Hieremiam prophetam* [Jeremía spámann]: „Rödd var heyrð í loft, grátur mikill og hryggleikur, þá er Rakel grét sonu sína, og vildi hún eigi huggast, því að þeir heyrðu eigi.“

Óður til kærleikans, 13. kafli Fyrra Korintubrúfs 4.-8. vers:

Elska öfundar eigi, eigi gerir hún miska, eigi drambar hún, eigi er hún ágjörn, eigi leitar hún sinna hluta, eigi hæðir hún, eigi hyggur hún illa, eigi fagnar hún illu, en hún samfagnar góðu. Alla hluti ber hún, öllum trúir hún, öllum vilnast hún, öllum heldur hún upp, aldregi fellur hún.

Faðir vor, sjötti kafli Matteusarguðspjalls, 9.-13. vers:

Faðir vor, sá er ert í himnum. Helgist nafn þitt. Til komi ríki þitt. Verði vilji þinn svo sem á himni svo og á jörðu. Brauð vort hversdagslegt gef þú oss í dag. Og

fyrirgef þú oss skuldir órar, svo sem vér fyrirgefum skuldurum órum. Og eigi leiðir þú oss í freistni. Heldur leystu oss frá illu. Amen.

II

Við siðbreytinguna á 16. öld jókst þýðingarstarfsemi til mikilla muna. Oddur Gottskálksson (um 1515–1556) þýddi Nýja testamentið og fékk það prentað í Danmörku þar sem það kom út árið 1540. Nýja testamenti Odds er fyrsta bókin sem prentuð var á íslensku og íslenska er 13. tungumálið sem Nýja testamentið var þýtt á frá því prentlistin kom til sögunnar. Oddur virðist að mestu leyti hafa þýtt úr latínu eins og Kristján III. tekur fram í formálsorðum þeim er fylgja útgáfunni. Þó studdist hann við hina þýsku þýðingu Marteins Lúthers eins og víða sést á þýðingunni og eins er þar að finna formála Lúthers að Nýja testamentinu og ritum þess. Í Oddstestamenti eru leiðbeiningar um guðspjöll og pistla sunnu- og hátíðisdaga kirkjuársins með sérstökum merkjum í texta og á spássíum. Þannig var hægt að lesa úr Nýja testamentinu við messugjörð. Auk Nýja testamentisins þýddi Oddur Gottskálksson einnig Corvinspostillu til þess að auðvelda prestum að prédika og kom hún út eftir hans dag árið 1558.

Oddur hefur haft við höndina og stuðst við þýðingar á efni úr Nýja testmentinu frá því á miðöldum og því hélt ákveðin samfella í biblíumáli. Það hefur verið bent á að líkindi milli Oddstementis og sögu Jóhannesar skírara eða *Jóns sögu baptista* sem Grímur Hólmsteinsson (d. 1298) þýddi að Oddur hljóti að hafa haft þá sögu við höndina. Það er líka talið mögulegt að Oddur hafi stuðst við þýðingu af samstofna guðspjöllunum á íslensku sem Grímur Hólmsteinsson hafi einnig stuðst við. Sú þýðing hefur þá hugsanlega verið frá því á 12. öld en er nú með öllu glötuð.

Hér fylgja nokkur sýnishorn úr Oddstestamenti og má bera þau saman við sýnishornin úr Hómilíubók hér að framan.

Óður til kærleikans, 13. kafli Fyrra Korintubrúfs, 4.-8. vers:

Kærleikurinn er eigi meinbægin. Kærleikurinn gjörir ekkert illmannlega. Eigi blæs hann sig upp, eigi stærir hann sig. Eigi leitar hann þess hvað hans er. Eigi verður hann til ills egndur, hann hugsar ekki vondslegt. Eigi fagnar hann yfir ranglætinu, en fagnar sannleikanum. Hann umber alla hluti, hann trúir öllu, hann vonar allt, hann umlíður alla hluti. Kærleikurinn hann doðnar aldri þótt spádómurinn hjaðni og tungumálunum sloti og skynseminni linni.

Faðir vor, sjötti kafli Matteusarguðspjalls, 9.-13. vers:

Faðir vor, sá þú ert á himnum. Helgist nafn þitt, til komi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð og fyrirlát oss vorar

skuldir svo sem vér fyrirlátum vorum skuldunautum. Og inn leið oss eigi í freistni, heldur frelsa þú oss af illu. Því að þitt er ríkið, máttur og dýrð um aldir alda, amen.

III

Ári eftir útkomu Nýja testamentisins eða 1541 lagði Gissur Einarsson (1512–1548) Kirkjuskipun Kristjáns III. *Ordinatio ecclesiastica* fyrir Alþingi í íslenskri þýðingu sinni. Kirkjuskipunin geymdi reglur um helgihald. Með þeirri þýðingu og þýðingu Odds á Nýja testamentinu var lagður grunnur að því að öll guðspjónustugjörð gat farið fram á íslensku og við Íslendingar þurftum ekki að notast við danskar bækur eins og frændur vorir Norðmenn og Færeyingar.

Gissur Einarsson hefur unnið að frekari mótun íslenskrar helgisíðahefðar en entist ekki aldur til. Eins og síðar verður getið hefur verið talið að Gissur hafi þýtt einhverja hluta Gamla testamentisins er síðar komu út í Guðbrandsbiblíu. En það kom í hlut eftirmanna Gissurar, Skálholtsbiskupanna Marteins Einarsonar (1500–1576) og Gísla Jónssonar (um 1515–1587), og Hólabiskupsins Ólafs Hjaltasonar (1500–1569), að halda mótunarstarfinu áfram og unnu þeir það með þýðingum á sálmum og öðru efni til guðspjónustugjörðar. Marteinn Einarsson gaf árið 1555 út handbók og sálmakver og Gísli Jónsson gaf út sálmakver 1558 og eru allir sálmarnir í þeim bókum þýddir úr þýsku og dönsku. Hólabiskupinn Ólafur Hjaltason gaf út Guðspjallabók árið 1562 er geymdi pistla og guðspjöll sunnu- og helgidaga ársins svo og bænir allra messudaga auk fleira efnis.

Sálmapýðingar þeirra Marteins og Gísla hafa verið mikið gagnrýndar, einkum þó sálmar Gísla sem eru mjög hroðvirknislega unnir. Sálmur Marteins eru betri og er athyglisvert að hann leitast víða við að aðlaga hina þýddu sálma íslensku ljódmáli og halda stuðlum og höfuðstöfum. Þannig leitaðist hann við að halda ákveðinni samfellu í málfari sem líka birtist í helgisíðatillögum hans sem byggjast mjög á þeirri málfarshefð sem mótast hafði hér á landi á miðöldum.

IV

Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup (um 1541–1527) var stórvirkur á sviði þýðinga og bókaútgáfu. Mesta þekvirki hans var útgáfa Biblíunnar árið 1584. Guðbrandsbiblía byggist á biblíu Lúthers og hinni dönsku biblíu Kristjáns III. Nýja testamentið í Guðbrandsbiblíu er texti Odds Gottskálkssonar með lagfæringum. Ekki er vitað



Síða úr Stjórn. Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir Stofnun Árna Magnússonar. AM 227 fol

hverjir þýddu Gamla testamentið. Talið er að Oddur Gottskálksson hafi þýtt Sálmana og Gissur Einarsson hefur verið talinn þýðandi Orðskviða Salómóns og Síraksbókar. Hugsanlegt er að Guðbrandur hafi sjálfur þýtt önnur rit Gamla testamentisins. Hann annaðist a.m.k. lokafrágang alls textans og gekk frá leiðréttingum og lagfæringum. Hægt er að benda á að Guðbrandur virðist styðjast við eldri íslenskar þýðingar svo sem *Stjórn*. Áhugavert er að á Hólum er til eintak af Biblíunni á hebresku og eru skrifaðar inn í hana athugasemdir m.a. með hendi Guðbrands. Því er hugsanlegt að Guðbrandur hafi notast við hebreska frumtexta Gamla testamentisins er hann bjó það í íslenskan búning. Eins hefur Guðbrandur kunnað grísku og hefði því átt að geta endurskoðað texta Nýja testamentisins út frá frumtextanum en virðist ekki hafa gert það. Auk bílútextans geymir Guðbrandsbiblía formála Lúthers að Biblíunni og spássíuskýringar sem flestar eru úr Biblíu Lúthers. Formálar Lúthers birtust og í annarri og fjórðu útgáfu Biblíunnar en hurfu endanlega úr íslenskum Biblíum á 19. öld.

Guðbrandur gaf út Sálmaabók 1589 og messusöngsbókina *Graduale* eða *Grallarann* árið 1594. *Grallarinn* var hin opinbera messusöngsbók og kom út með jöfnu millibili til loka 18. aldar. Hann breyttist lítið að stofni til en var aukinn nýjum sálmum með hverri nýrri útgáfu.

Sálmaabókin tók meiri breytingum en *Grallarinn*. Þó að hún hafi í öndverðu verið hugsuð sem bók til guðsþjónustuhalds í kirkjum varð hún smám saman að bók heimilanna og var notuð við heimilsguðrækni og til persónulegrar uppbyggingar en *Grallarinn* varð kirkjusöngsbókin. Brátt fór því uppbygging hennar að mótast af því hlutverki og var efni hennar flokkað niður í ákveðna bálka eða sálmaflokka eins og fæðingarsálma, passíusálma, upprisusálma og hugvekjusálma auk tækifæris-sálma á borð við morgun- og kvöldsálma.

Langmest af efni sálmaabókar Guðbrands og messusöngsbókarinnar var þýtt en skáldin sem Guðbrandur hafði falið að þýða sálma og annað efni höfðu lært tökin á hinum nýju bragarháttum og geymir sálmaabók Guðbrands því einnig fáeina frum-samda íslenska sálma. Guðbrandur lagði á það mikla áherslu við þau skáld er hann fól að þýða og yrkja í sálmaabók sína að fylgja íslenskri ljóðstafagerð. Þar með tryggði hann ákveðna samfellu í íslenskri ljóðlist og auðgaði jafnframt íslenskan skáldskap því að skáldin tóku brátt upp hina nýju sálmaheiti og fóru að yrkja bæði sálma og veraldleg ljóð undir þeim.

Alls stóð Guðbrandur fyrir útgáfu 100 bóka sem eru að langmestu leyti þýðingar á erlendum bókum. Sumar þeirra voru gefnar út hvað eftir annað bæði í tíð hans og eftirmanna hans.

Arngrímur Jónsson lærði (1568-1648) var einn þeirra sem aðstoðaði Guðbrand við þýðingar. Hann þýddi m.a. hið vinsæla guðræknisrit *Eintal sálarinnar* eftir þýska prestinn Martin Mollerus en það rit hafði margvísleg bein áhrif á Hallgrím Pétursson er hann orti Passíusálmana. Í formála sínum að Eintalinu kemst Arngrímur svo að orði um hlutverk þýðandans:

Eg hef og víða í þessum bæklingi verið LIBER INTERPRES [frjáls þýðandi], það er, ekki bundinn við bókstafi og atkvæði heldur rúmlega útlagt, og sumstaðar (þó óvíða) nökkuð lítið undan tekið svo sem mér hefur þótt eftir vorri mállýsku helst til skilnings horfa.


Arngrímur lærði sá um útgáfu Nýja testamentisins árið 1607 og er þar um að ræða endurskoðun á texta Odds. Ekki er vitað til að Arngrímur hafi stuðst við frumtextann en vel var hann til þess hæfur. Nýja testamenti Arngríms kom ekki út aftur.

Bækur þær sem biskuparnir gáfu út voru flestar af trúarlegum toga. Tilgangur bókaútgáfunnar var líka sá að efla fólk í guðrækni og góðum siðum svo að því mætti farnast vel bæði þessa heims og annars. En einnig voru þýddar og gefnar út bækur til almennari nota og fræðslu. Eins er mikilvægt að lög og fyrirskipanir konungs öðluðust ekki gildi hér á landi nema þau væru kynnt á Alþingi og þýdd og þannig mótaðist íslenskt lagamál einnig er gat síðar orðið til að auðvelda sjálfstætt íslenskt löggjafarstarf.

V

Biblía sú sem nú lítur dagsins ljós er 11. útgáfa Biblíunnar á Íslandi talið frá útgáfu Guðbrandsbiblíu 1584.

Eftirmaður Guðbrands, dóttursonur hans Þorlákur Skúlason (1597–1656), gekkst fyrir útgáfu Biblíunnar sem kom út í tveim hlutum árið 1638 og 1644 og er önnur útgáfa Biblíunnar á Íslandi. Þorlákssbiblía er að mestu leyti samhljóða Guðbrandsbiblíu með nokkrum lagfæringum þó sem að einhverju leyti eru sniðnar eftir danskri Biblíu. Nýmæli er að nú kom versaskipting til sögunnar í íslensku Biblíunni en sá háttur að skipta köflum Biblíunnar niður í vers sem merkt voru með tölum hafði þá nýverið tekið að ryðja sér til rúms. Kaflaskiptingin hafði hins vegar orðið almenn á 13. öld og var henni fylgt í Oddstestamenti og Guðbrandsbiblíu.



Síða úr Guðbrandsbiblíu, handlituð Hólum 1584. Biblían er í eigu afkomenda séra Ragnars Fjalars Lárussonar.

Þriðja sinni kom Biblían út á Hólum árið 1728. Hún nefnist Steinsbiblía eftir Steini biskupi Jónssyni (1660–1739) sem hafði veg og vanda að útgáfu hennar. Að skipun konungs leitaðist Steinn biskup eftir því að laga textann sem næst dönskunni. Erfitt er að sjá rök fyrir því önnur en þau að yfirvöld í Danmörku hafi með þessu hlutast til um íslensk málefni og viljað vera viss um að texti Biblíunnar á Íslandi væri í samræmi við lögbundinn texta hennar í öðrum hlutum ríkisins. Steinsbiblía hlaut óblíðar viðtökur og hefur fengið mjög vandan vitnisburð fyrir bæði vont útlit og vandan texta enda var næsta útgáfa Biblíunnar sniðin eftir Þorláksbiblíu eins þótt hún væri gefin út í Kaupmannahöfn. Steinsbiblía var síðasta Biblía sem prentuð var á Hólum.

Fjórða útgáfa Biblíunnar var hin svo kallaða Vajsenhússbiblía sem út kom árið 1747. Hún var gefin út af hinu konunglega vajsenhúsi eða munaðarleysingjahæli sem þá var ný stofnað og konungur hafði veitt einkaleyfi á útgáfu Biblíunnar í Danmörku. Þess má geta að Det kongelige Vajsenhús Forlag hefur ennþá útgáfurétt á Biblíunni og Sálmaðókinni í Danmörku.

Enn leið langur tími þar til Biblían kom næst út eða allt til ársins 1813. Nýja testamentið kom raunar út sérstaklega árin 1750 og 1807. Fimmta útgáfa Biblíunnar var að undirlagi Hins breska og erlenda biblíufélags sem stofnað hafði verið árið 1804 í London í þeim tilgangi að útbreiða Heilaga ritningu á Bretlandi og út um allan heim. Á vegum þess kom hingað skoskur sendiboði, Ebenezer Henderson að nafni (1784-1850). Hann ferðaðist um landið 1814-1815 og dreifði biblíum. Biblíu þessari var mjög vel tekið þótt hún væri illa úr garði gerð, prentuð á vandan pappír og prentvillur voru nokkrar vandar. M.a. var ritið Harmagrátur Jeremía nefnt Harmacgrátur og Biblían vegna þess uppnefnd Grútarbiblía. Texti Ebenezersbiblíunnar er samhljóða Vajsenhússbiblíu en úr voru felldir formálar Lúthers svo og Apókrýfu bækurnar en Bretar viðurkenndu ekki réttmæti þeirra og vildu ekki styrkja útgáfu Biblíu sem hafði að geyma þá.

Ebenezer Henderson var hvatamaður að stofnun Hins íslenska biblíufélags árið 1815 Tilgangur þess var og er enn að sjá til þess að Biblían sé til á Íslandi í vandaðri þýðingu eða eins og segir í stofnskrá félagsins „[þess] höfuð augnamið er að sjá til, að ei verði skortur á biblíum í móðurmálinu og að þær útbreiddist eftir þörfum um allt landið.“ Forvígismenn Biblíufélagsins undir forystu Geirs biskups Vídalíns (1761-1823) sem jafnframt var forseti Biblíufélagsins hófust fljótlega handa við að vinna að nýrri þýðingu á Biblíunni, fyrst Nýja testamentinu en nokkrar tilraunir höfðu raunar verið gerðar til þess í lok 18. aldar. Kom Nýja testamentið út í nýrri þýðingu árið 1827. Auk Geirs biskups unnu við þýðinguna Sveinbjörn Egilsson og nokkrir fleiri.


Þýðingarstarfinu var fram haldið og kom Biblían út í heild árið 1841, prentuð í Viðey og er það sjötta útgáfa hennar á Íslandi. Að þýðingunni unnu Árni Helgason stiftsprófastur í Görðum, Sveinbjörn Egilsson o.fl. Ástæða þess að Biblíufélagið réðst í þýðingu Biblíunnar í upphafi var vaxandi áhugi á Íslandi fyrir málrækt og málhreinsun. Þýðendurnir, ekki síst kennararnir við Bessastaðaskóla, voru allir málhreinsunarmenn og setti málstefna þeirra mikið mót á textann. Nú var líka þýtt úr frummálum Biblíunnar, hebresku og grísku. Samt sem áður hefur einhver þýðandinn notast við þýska Biblíu og gerir á einum stað þýska smáorðið jedoch (samt sem áður; óðara en) að eiginnafrni: Jedok dóttir Faraós! (1Kon 9.24). Þess má geta að á 17. og 18. öld unnu nokkrir að þýðingum á Biblíunni eða einstökum hlutum hennar. Þannig þýddi Brynjólfur biskup Sveinsson Nýja testamentið úr grísku en sú þýðing er glötuð. Séra Páll Björnsson í Selárdal á að hafa þýtt hluta Gamla testamentisins úr hebresku. Þá þýddi Jón biskup Vídalín Nýja testamentið úr grísku og hefur eitthvað varðveist af þýðingu hans í handritum.

Sjöunda útgáfa Biblíunnar kom 1859. Sú Biblía var prentuð í Reykjavík. Hið íslenska biblíufélag stóð eitt að þessari útgáfu og nú komu Apókrýfu bækur Gamla testamentisins með eftir nokkurt hlé. Texti Biblíunnar 1859 er nær óbreyttur texti Biblíunnar frá 1841 með nokkrum lagfæringum.

Það sem helst var gagnrýnt við útgáfurnar 1841 og 1859 var að textinn þótti ósamstæður og ekki hefði verið nægilega gætt samræmis á milli einstakra bóka heldur setti hver þýðandi sitt snið á hverja bók. Eins fannst einhverjum málið gert of hversdagslegt og væri svipt þeirri hátign og helgi sem yrði að einkenna útgáfu Biblíunnar. Því ákvað stjórn Hins íslenska biblíufélags þegar árið 1860 að ráðast í enn nýja útgáfu Biblíunnar og fékk styrk frá Hinu breska og erlenda biblíufélagi til að vinna að endurskoðun textans. Prestaskólakennararnir Pétur Pétursson (1808–1891), síðar biskup Íslands, og Sigurður Melsteð (1819–1895) voru fengnir til að annast endurskoðunina. Þeir þýddu Nýja testamentið að nýju og fóru yfir nokkra hluta Gamla testamentisins. Biblían var prentuð í London og leit nýja útgáfan, áttunda útgáfa Biblíunnar, dagsins ljós árið 1866.

Sú útgáfa hlaut misjafnar móttökur og urðu miklar deilur um hana sem stóðu um nokkurt skeið. Það var Guðbrandur Vigfússon (1827-1889), kennari í Oxford sem hóf deilurnar með því að kæra Pétur og Sigurð fyrir Breska og erlenda biblíufélaginu og átelja þá fyrir slæleg vinnubrögð. Taldi hann að þeir hefðu engan veginn þýtt orð með orði heldur aðeins lappað upp á texta Biblíunnar frá 1859 sem stæði skör lægra en hinn forni texti Biblíunnar og afleiðingin væri sú að hinn nýi texti Biblíunnar væri síðri eldri texta. Þýðendurnir vörðu sig og tóku m.a. fram að þeir

hefðu stuðst við nýjustu vísindalegu útgáfur á frumtextanum í Þýskalandi en þær útgáfur voru styrkveitendum ókunnar. Það skýrði t.d. að felld voru niður ákveðin vers úr textanum sem ekki voru talin upprunaleg m.a. Postulasagan 8.37. Að þeir hefðu frekar endursagt en þýtt hröktu þeir með skírskotun til þess að íslenskir biblíuþýðendur hefðu yfirleitt útlagt þannig að hugtök væru leyst upp í setningar og eins gætt fjölbreytni í orðavali.



Vajsenhüssbiblían Kaupmannahöfn 1747.

Stjórn Hins íslenska biblíufélags sótti aftur um styrk til nýrrar þýðingar Biblíunnar árið 1887. Breska og erlenda biblíufélagið veitti styrkinn en batt hann því skilyrði með skírskotun til fyrri deilumála að þýtt væri orð með orði. Ungur íslenskur guðfræðingur, Haraldur Nielsson, var fenginn til að þýða Gamla testamentið úr frummálinu hebresku og hófst hann handa við verkið árið 1897. Ásamt honum vann séra Gísli Skúlason að þýðingunni. Um þýðingu Nýja testamentisins sáu Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður Prestaskólans og síðar biskup, séra Eiríkur Briem, prestaskólakennari og Hallgrímur Sveinsson, biskup. Í þýðingarnefnd sem fara skyldi yfir allan textann og samræma sátu Hallgrímur Sveinsson, Þórhallur Bjarnarson og Steingrímur Thorsteinsson skáld og rektor Lærða skólans.

Nýja testamentið kom út 1906 og Biblían í heild tveim árum síðar eða 1908. Enn á ný upphófust deilur um þýðinguna og voru þýðendur, og þá einkum Haraldur Nielsson, kærðir til Englands og nú fyrir að hafa falsað Guðs orð. Það voru einkum tveir staðir í Gamla testamentinu sem nefndir voru því til staðfestingar, annars vegar Jesaja 1.18 og hins vegar Jesaja 7.14. Í Biblíunni 1866 var Jesaja 1.18 orðaður þannig og var það orðalag í samræmi við eldri þýðingar íslenskar og eins þýðingar annarra þjóða:

Þó að syndir yðar væru sem purpuri, þá skyldu þær verða hvítar sem snjór og þó þær væru rauðar sem skarlat, þá skyldu þær verða sem ull.

Í Biblíunni 1908 var versið þýtt á þennan hátt:

Ef syndir yðar eru sem skarlat, munu þær þá geta orðið hvítar sem mjöll? Ef þær eru rauðar sem purpuri, munu þær þá geta orðið sem ull?

Spurnarformið er í samræmi við hebreska frumtextann en kristnir ritskýrendur og þýðendur höfðu lengst af kosið að hafa versið í beinni ræðu og nota sem vitnisburð

um kærleika Guðs sem er ætíð fús að fyrirgefa syndirnar. Haraldur var m.ö.o. átalinn fyrir að láta textann skyggja á náðarvilja Guðs. Textann í Jesaja 7.14 þýddi Haraldur samkvæmt hebreska textanum þannig:

Sjá, ung kona verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel [Guð með oss].

Eldri biblíuþýðingar og þýðingar meðal nágrannanna höfðu þarna þýtt samkvæmt gríska texta Gamla testamentisins sem líka er notaður af Matteusi guðspjallamanni (Matt 1.23) til að rökstyðja fæðingu Jesú af Maríu mey: Sjá, mærin mun þunguð verða! Þarna fannst mönnum vegið að trúartilfinningu margra sem lásu þennan stað sem spádóm um fæðingu Jesú af Maríu mey. Auk þess myndaðist ósamræmi milli Jesajatextans og Matteusarguðspjalls sem notar Jesaja 7.14 út frá gríska textanum. Auk þessara ritningarstaða var einnig gagnrýnt að notað er hebreska nafnið Jahve í stað Drottinn í Gamla testamentinu og að í Nýja testamentinu væri notað hinn smurði í stað Kristur þegar ráða mátti af samhengi að um lýsingarorð væri að ræða.

Nýja testamentið var einnig gagnrýnt en einkum fyrir hversu stíð þýðingin þótti vera og of oft nær svo orðrétt þýðing á gríska textanum að óeðlilegt var á íslensku. Sem dæmi má nefna söng englanna á jólanóttinni í öðrum kafla Lúkasarguðspjalls, 14. versí:

Dýrð sé í upphæðum Guði og á jörðu friður meðal manna sem velþóknun er á.

Afleiðingin varð sú að upplag Biblíunnar 1908 var innkallað og hlaut hún í munni margra heitið heiðna Biblían. Á næstu árum var lögð vinna í endurskoðun á textanum og unnu þeir Þórhallur Bjarnarson, biskup, Jón Helgason, prófessor og síðar biskup og Haraldur Níelsson, prófessor, að þeirri endurskoðun.

Nýja útgáfan kom út 1912, níunda útgáfa hennar á íslensku. Hún var í stóru broti. Komíð var til móts við gagnrýnendur með því að umdeildir staðir í Gamla testamentinu voru færðir til eldra horfs en nýju þýðingarnar hafðar neðanmáls. Nýja testamentið var endurskoðað og sumt þýtt alveg að nýju. Samt sem áður var haldið guðsheitinu Jahve í Gamla testamentinu og hinn smurði um Krist í hinu nýja.

Árið 1914 var Biblían gefin út í vasabrotsformi. Þar var skrifað guðsheitíð Drottinn í stað Jahve í Gamla testamentinu og Kristur í Nýja testamentinu á flestum stöðum eins þótt um lýsingarorð hefði verið að ræða nema helst í lofsöngvum Opinberunar-

bókarinnar eins og Opb 12.10: „Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríki Guðs vors, og veldi hans Smurða.“ Sérprentað Nýja testamentið ásamt Davíðssálmum fylgdi texta vasabrotsútgáfunnar frá 1914.

Apókrýfu bækur Gamla testamentisins komu ekki út með útgáfunni 1912 enda vildi Breska og erlenda biblíufélagið ekki styrkja útgáfu þeirra. Hið íslenska biblíufélag ákvað að gangast fyrir nýrri þýðingu á þeim og kom hún út 1931.



Upphaf á Biblíuhandriti frá Bæheimi skrifað um 1450. Er í eigu afkomenda séra Ragnars Fjalars Lárussonar.

VI

Útgáfan 1912/1914 var prentuð margoft allt fram á áttunda áratug 20. aldar. Þegar komið var fram á sjötta áratug 20. aldar var ljóst að setja þyrfti texta Biblíunnar að nýju þar eð stíllinn var orðinn mjög lélegur. Þá jókst áhugi á að hefjast handa um nýja þýðingu Biblíunnar. Skipuð var nefnd um þýðingu Nýja testamentisins og hóf hún störf í upphafi 7. áratugarins. Á árunum 1970–1974 komu samstofna guðspjöllin í nýrri þýðingu: *Markús segir frá* (1970), *Læknir segir sögu* (Lúkasarguðspjall; 1971) og *Matteus segir frá* (1974). Auk samstofna guðspjallanna voru Jóhannesarguðspjall og Postulasagan líka þýdd. Í þýðingarnefndinni sátu Sigurbjörn Einarsson biskup og guðfræðiprófessorarnir Björn Magnússon, Jóhann Hannesson og Þórir Kr. Þórðarson. Starfsmaður nefndarinnar var Jón Sveinbjörnsson síðar prófessor í guðfræði.

Það þótti aðkallandi að ný Biblía kæmi út sem fyrst. Því var horfið frá því að leggja út í nýja þýðingu að öllu leyti og ákveðið þess í stað að láta endurskoða þýðinguna á Gamla testamentinu og bréfum Nýja testamentisins frá 1912/14.

Tíunda útgáfa Biblíunnar kom út 1981. Þar er þýðing Gamla testamentisins endurskoðuð og er nákvæmest endurskoðunin á þýðingu Sálmanna og spádómsbókar Jesaja. Prófessor Þórir Kr. Þórðarson hafði forystu um þá endurskoðun. Í Nýja testamentinu komu guðspjöllin og Postulasagan í nýrri þýðingu en þýðingin á bréfunum og Opinberunarbókinni var endurskoðuð og vann prófessor Jón Sveinbjörnsson þá endurskoðun.

Í ráði var að gefa út Apókrýfu bækur Gamla testamentisins með Biblíunni 1981 og var hafist handa við endurskoðun þýðingarinnar frá 1931. Það varð hins vegar

fljótlega ljóst að sú þýðing væri um margt svo gölluð að þýða þyrfti Apókrýfu bækurnar að nýju. Það verk vann séra Árni Bergur Sigurbjörnsson. Í þýðingarnefnd sátu auk hans dr. Guðrún Kvaran og prófessor Jón Sveinbjörnsson. Ný þýðing Apókrýfu bókanna kom út 1994.

VII

Er þörf á nýrri þýðingu Biblíunnar?

Meðal nágrannaþjóðanna er talað um að bilið milli málfars Biblíunnar og daglegs máls fólks sé svo breitt að nauðsynlegt sé að færa texta Biblíunnar sem næst nútímamáli. Íslendingar munu ekki á einu máli um það og frekar umhugað um að halda fram samfellunni í tungu þjóðarinnar og hefur málfarsstefna Íslendinga verið næsta íhaldssöm. Samt sem áður hefur myndast ákveðið bil milli almenns tungutaks og tungutaks Biblíunnar. Í nýrri útgáfu Biblíunnar er leitast við að koma til móts við þá þróun að vissu leyti. Þá hafa komið fram nýjar hugmyndir í þýðingarfræði og hefur víða verið reynt að fylgja þeim. Rannsóknnum á textum Biblíunnar og menningarheimi þeirra hefur líka fleygt fram og hlýtur biblíuþýðing að endurspegla það á einhvern hátt. Umfram allt var í þýðingarstarfinu leitast við að vera í senn trúr frumtexta hennar og útleggja hann með svo skýru og sönnu móti og unnt var og um leið að vera trúr íslenskri tungu og íslenskri málhefð. Íslensk tunga býr yfir ríkri biblíuhefð svo að meðal elstu texta hennar eru þýðingar úr Biblíunni. Biblían er þar með ekki aðeins þýddar bókmenntir frá framandi þjóðum heldur líka eigin bókmenntir íslensku þjóðarinnar. Því þarf hver kynslóð Íslendinga að skynja sjálfa sig í lestri Biblíunnar jafnframt því sem hún getur samsamað sig eigin sögu og bókmenntahefð.



Gauti Kristmannsson

Rýnt í þýðingu Biblíunnar ¹

Orðið og maðurinn

Biblíuþýðingar eru hættulegt athæfi. Að minnsta kosti ef marka má næstsíðustu versin í þeirri góðu bók: „Ég votta fyrir hverjum þeim manni, sem heyrir spádómsorð þessarar bókar, að leggi nokkur við þau, mun Guð leggja á hann þær plágur, sem um er ritað í þessari bók. Og taki nokkur burt nokkuð af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð taka hlut hans í tré lífsins og borginni helgu, sem um er ritað í þessari bók.“ Það er því ekki að ástæðulausu að menn hafa nálgast verkefnið af virðingu, ef ekki guðsóttu, um aldir, allt frá sjötíumannaþýðingunni svokölluðu, en af henni fara þó tvær mismunandi sögur. Sú eldri, kennd við Aristeus, segir frá því að sjötíumeningarnir (voru sjötíu og tveir hefur líka verið sagt) söfnuðust saman á eyrni Faros við Alexandríu og unnu saman að þýðingunni. Vissulega þvoðu þeir hendur sínar í lotningu áður en þeir snertu hina helgu texta, en aðferð þeirra var eins og við myndum kannski kalla fagmannleg í dag og í samræmi við störf margra þýðinganevnda sem þýtt hafa Biblíuna á mörg mál. Samvinna þeirra skóp af sér texta sem er málamiðlun bestu manna og lögmálinu var þar með miðlað eins réttu og unnt var. Síðari sagan, kennd við Fíló Júdæus, er aðeins öðruvísi, þá fóru sjötíumeningarnir vissulega út í eyrna, en í þetta sinn þýddu þeir hver fyrir sig allt Gamla testamentið, en viti menn, allar þýðingarnar voru samhljóða!

Fyrri sagan er, eins og við segjum, raunsærri, en sú síðari undirstrikar samband textans við almættið með kraftaverki. Báðar útgáfur má kannski skoða út frá tvenns konar hugsun sem fylgt hefur þælingum manna um trúmál um langan aldur og kennd hefur verið við „vitsmunahyggju“ (e. *intellectualism*) annars vegar og „sjálfbodahyggju“ (e. *voluntarism*) hins vegar. Báðar þessar nálganir hafa tíðkast meðal þeirra sem reynt hafa að hugsa um Guðs orð og tilveru þess í heiminum. Vitsmunahyggjan svokallaða nálgast viðfangsefnið út frá aðferðum heimspekinnar og skynseminnar og reynir þannig að útskýra almættið með rökum og jafnvel sönnunum fyrir tilvist Guðs og síðalögmála hans. Sjálfbodahyggjan leggur hins vegar meiri áherslu á trúna og smæð mannsins andspænis almættinu, „vegir Guðs eru

1 Ég þakka Einari Sigurbjörnssyni yfirlestur og góðar ábendingar.

órannsakanlegir“ er hennar kredó og þar með að hjálpræðið finnist fyrir tilstilli auðmýktar í einlægri trú.²

Hvor nálgunin um sig endurspeglar að vissu leyti viðtöku og skilning biblíutextanna um aldir, annars vegar hafa menn einblínt á hinn algjöra sannleika orðs Guðs eins og hann birtist í textanum og hins vegar hafa menn viljað leita sannleikans í textunum, túlka þá og miðla þeim. Þessar leiðir hafa síðan endurkastast, ef svo má segja, á þýðingaferlið þar sem menn hafa einkum litið til óskeikulleika frumtextans annars vegar þar sem millilínuþýðingin er hin eina rétta aðferð og hins vegar til boðunargildis þýðingarinnar þar sem túlkun Guðs orðs og áhrif þess á viðtakendur skiptir mestu máli.

Málið er þó hvergi nærri svo einfalt að halda mætti fram að vitsmunahyggjan standi fyrir túlkun með skynsemisrökum og sjálfboðahyggjan fyrir gagnrýnilausa viðtöku textans. Það sést kannski best hjá kunnasta biblíuþýðanda sögunnar, Marteini Lúther, sem einmitt setur sinn guðfræðilega skilning í anda sjálfboðahyggju fram í þýðingu sinni með því að bæta við orðinu „aðeins“ í Rómverjabréfið 3:28; á hinn bóginn beitir hann rökum túlkunar og skynsemi (auk tækni mælskulistar) í varnarræðu sinni *Ein Sendbrieff D.M. Luthers. Von Dolmetzchen und Fürbit der Heiligen*.³ Þannig má segja að einn frægasti þýðandi sögunnar hafi undirstrikað þversögn þýðinga í verki.

Þýðingar eru nefnilega þversögn hins tvöfalda sannleika, a.m.k. þegar að biblíuþýðingum kemur. Frumtextinn sjálfur er framsetning lögmálsins, hins eilífa sannleika, orðs Guðs. Þýðingin þarf að koma þessum sannleika til skila um leið og hún segir sannleikann um frumtextann eins og hann er. Engan veginn er sjálfgefið að þetta falli saman; túlkun texta er miklum breytingum háð; þekkingarstigi túlkanda, viðhorfum hans eða hennar, túlkunararfleifið og síðast en ekki síst „ættartölu“ textans. Þýðingin getur heldur ekki, eðli málsins samkvæmt, verið „orð Guðs“ í einhverjum bókstaflegum skilningi, hún hlýtur alltaf að vera mannanna verk.⁴

2 Bandaríski fræðimaðurinn Jonathan Schneewind hefur farið ytarlega yfir þetta í riti sínu um siðfræði *The Invention of Autonomy. A History of Modern Moral Philosophy*. Cambridge: Cambridge University Press, 1998.

3 Sjá grein Einars Sigurbjörnssonar „Þýðingaáferðir Lúthers“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar. Guðfræði, túlkun, þýðingar. Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar prófessors*. Ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson o.fl. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 1998. S. 77–88.

4 Vissulega hefur einnig verið bent á að frumtextarnir séu einnig mannanna verk sem meta þurfi út frá textafræðilegum forsendum; sjá grein Gunnlaugs A. Jónssonar „Þýðingarstarf Haralds Níelssonar og upphaf biblíugagnrýni á Íslandi“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar. Biblíuþýðingar í sögu og samtíð*. Ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 1990. S. 57–84.

Pekkingarstigið

Vegna hinnar löngu sögu biblíupýðinga eru þær í sjálfum sér órækasta dæmið um hversu mikil áhrif þekkingarstig þýðenda og reyndar allra annarra sem nálægt þýðingunni koma hefur á verkið. Það er þekkt viðmið í þýðingafræði að tala um svokallaða „forþekkingu“ (þ. *Weltwissen*), þá þekkingu sem þýðandinn, sem bæði viðtakandi og miðlari upplýsinga, hefur á þeim texta og textaheimum sem hann er að fást við. Hér er átt við þekkingu á tungumálum, textagerðum, menningarheimum, í stuttu máli sagt öllu sem getur haft áhrif á tilurð og miðlun texta. Þetta er t.d. strax ljóst af hinu fræga bréfi Híerónýmusar til Pammakíusar þar sem hann beitir siðferðilegum og þekkingarfræðilegum rökum til að berja á andstæðingum sínum. Þekkingin er þó í forgrunni, ásamt reyndar ádreppunni sem er svo gífuryrt að vart á sinn líka, nema kannski hjá Lúther, þótt þeir séu ef til vill ekkert einsdæmi.⁵

Aukin þekking og vilji til að auka skilning samtíðarmanna á texta Biblíunnar eða laga textann að samtímakröfum hefur oft verið réttlætning nýþýðinga.. Dæmin eru mörg, en í samtímanum hefur kannski borið mest á kröfum kvennaguðfræðinnar um breytingar á kynjuðu orðalagi Biblíunnar.⁶ Grundvöllur nýþýðingar Biblíunnar, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, markaðist einnig greinilega af nýrri þekkingu í málvísindum og þýðingafræði eins og augljóst var á sínum tíma af skrifum Jóns Sveinbjörnssonar um „Ný viðhorf við biblíupýðingar“ þar sem gerð var grein fyrir helstu nýjungum á því sviði í tengslum við félagsmálvísindi og þýðingafræði bandaríska fræðimannsins Eugene A. Nida, en kenningar hans eiga rætur sínar í kenningum Chomskys.

Slík réttlætning nýþýðinga er þó engan veginn einskorðuð við samtímamann hér á landi eins og sjá má af grein Gunnlaugs A. Jónssonar um „Þýðingarstarf Haralds Níelssonar“ þar sem þekking á hebresku og ný viðhorf til frumtextans eru grunnur að nýrri þýðingu. Gunnlaugur tengir þessi viðhorf einnig hinni svokölluðu „ný-guðfræði“ þess tíma sem tók miklu textafræðilegri afstöðu til hinna fornu biblíu-texta en áður hafði tíðkast. Segja má að þessi viðhorf endurspegli þversögn „vitsmunahyggjulegrar“ nálgunar og þeirrar „sjálfbodahyggjulegu“. Viðhorfið til frumtextans sem einhvers konar óskeikuls frumrits sýnir átrúnaðinn á frumtextann sem sannleika í sjálfum sér, hugsunarháttur sem tíðkast hefur undanfarin 200 ár eða svo, og má kalla það sjálfbodahyggju í afstöðu til frumtextans. Áhersla á frumtextann

5 Sjá. t.d ofangr. grein Gunnlaugs A. Jónssonar „Þýðingarstarf Haralds Níelssonar“ þar sem hann talar um „Stóryrði í garð eldri þýðinga“. S. 82.

6 Sjá t.d. grein Arnfríðar Guðmundsóttur „Hvers kyns Biblía? – jafnréttisumræðan og biblíupýðingin“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar*. Ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun, 2002. S. 67–82.

var vissulega kominn fyrir, bæði hjá Lúther og að sumu leyti hjá Híerónýmusi, en hins vegar var þessi áhersla endurnýjuð með hinu rómantíska viðhorfi til uppruna texta. Á hinn bóginn sýnir fræðileg réttlæting nýþýðingarinnar vitsmunahyggjulega sýn á aðferðina sem beita á við þýðingaverkið sjálft. Gunnlaugur lýkur síðan grein sinni með því að færa rök í fjórum liðum fyrir nýrri þýðingu í samtímanum þar sem ný þekking og málfarsbreytingar kalli á hana (83).

En menn beittu ekki þekkingarrökum aðeins á nítjándu og átjándu öld á Íslandi. Þegar með áhrifum Upplýsingarinnar á átjándu öld má greina þessa tilhneigingu og má kannski sjá þar áhrif manna á borð við Robert Lowth, Johann David Michaelis og Johann Gottfried Herder, en þeir voru með þeim fyrstu sem rannsökuðu Biblíuna sem bókmenntir og einnig hafnaði Herder í frægri ritgerð að tungumálið væri frá Guði komið.⁷ Reyndar komst það nokkuð í tísku víðar á þessum tíma að fjalla um tiltekna biblíutexta sem bókmenntir og gáfu margir *Ljóðaljóðin* út sér í nýjum þýðingum og túlkunum.⁸

Sú þýðingarýni sem skrifa má á Upplýsinguna hefst kannski með tveimur greinum eftir Jón Ólafsson sem komu út undir titlinum „Yfirferð og lagfæring vorrar íslensku útleggingar á nokkrum stöðum í spámanna-bókunum“.⁹ Væri þetta hið eina sem til er frá þessum tíma og með þennan þráð væri það kannski ekki ýkja merkilegt, en árið 1794 tók dr. Hannes Finnsson, biskup, upp þráðinn í *Kvöldvökum* sínum og ritaði merkilega greinargerð um biblíuþýðingar.¹⁰



Ljóðaljóðin úr *Heilagri ritningu*. 1971.
Myndskreyting: Áke Gustavsson.

7 Hér er um að ræða *Abhandlung über den Ursprung der Sprache* (1772) og *Vom Geist der Ebräischen Poesie* (1782/83). Michaelis tengdist einnig ferð Austurlanda nær sem Friðrik V Danakonungur stóð fyrir árið 1761–1767 og átti að rannsaka grundvöll Biblíutexta. Hann samdi m.a. spurningar þær sem svara átti í ferðinni. Af sex ferðalöngum kom aðeins einn til baka, kortagerðarmaðurinn Carsten Niebuhr, og þótti Michaelis víst ekki mikið til skrifa hans koma. Víst er þó að þessi rannsókn í anda upplýsingarinnar var gerð m.a. með texta Biblíunnar í huga og sýnir það eitt að menn voru farnir að skoða þá með aukinni áherslu á empírískar staðreyndir af vettvangi.

8 Dæmi um þetta má t.d. finna hjá Thomas Percy sem gaf út *Ljóðaljóðin* út 1764, ári eftir að hann hafði gefið út þýðingar á íslenskum Eddukvæðum, *Five Pieces of Runic Poetry*, og ári áður en hann gaf út ensku „rímurnar“, *Reliques of Ancient English Poetry*.

9 Þetta kemur fram í óbirtri ritgerð eftir Katelin Parsons um Halldór Jakobsson og bækling hans *Athugaverdt við Útleggingar* sem kom út í Leirárgörðum árið 1803 og telst kannski fyrsta sjálfstæða tilraunin til að fjalla fræðilega um þýðingar á íslensku.

10 *Kvöldvökur[nar]* 1794. Samanteknar af Dr. Hannesi Finnssyni. Fyrri parturinn. Leirárgörðum við Leirá, 1794. Síðutilvitnanir í sviga innan meginmáls hér eftir.

Kvöldvökurnar eru dæmigert afsprengi Upplýsingarinnar, uppfræðslurit fyrir almenning. Formáli Hannesar hefst á stuttu yfirliti um menningar- og menntaástand þjóðarinnar og er hann alls ófeiminn að beita hinni íslensku samanburðarhefð hlutfallsreiknings þegar hann ber Íslendinga saman við erlendar þjóðir. Kemst hann að því að læsi sé svo almennt hér á landi að það standi stórþjóðum langtum framar (xiii-xv). En síðan snýr hann sér hann sér að þeim guðfræðilegu viðfangsefnum sem hann fæst við í *Kvöldvökunum* og segir: „Eckert hef ég svo mikið vandað af bløðum þessum sem þau er viðvikía Guðfræðinni [...]“ (xvii). Hannes undirstrikar með þessu að þær þýðingar sem hann hefur gert af biblíutextum af þessu tilefni séu eins vel af hendi leystar og unnt er, enda veit hann að lesendur munu finna eitthvað annað en þeir eru vanir: „En ef lesarinn finnur allt annað orðatiltæki í sinni Biblíu? Það kemur mér eigi á óvart. Fyrirgefningar vænti ég samt“ (xvii). Sjálförýggi hins lærða manns, sem komist hefur til æðstu metorða, geislar af þessum orðum, en hann á samt sem áður von á hardri gagnrýni: „Ég á mér vísa von, að verða fyrir straungum áfellis dómi fyrir sýnishorn það, sem ég af Biblíuútlekkingu hér framsett hefi, þar ég hafi svo langt frá orðunum farið; en að von minni mun hann mildast þegar aðgætt verður [...]“ (xvii). Þessi orð eru inngangur hans að fimm reglum um þýðingar sem eru vel þess virði að birta aftur sem heimild um viðhorf eins áhrifamesta guðsmanns átjándu aldar og reyndar þeirra nítjándu einnig, því segja má að áhrifamesti biblíutexti nítjándu aldar hafi ekki verið fyrirbyggjandi biblíuþýðingar heldur miklu fremur *Lærdómsbók í evangelísk-kristilegum trúarbrögðum handa unglíngum*, þýðing Einars Guðmundssonar á kveri eftir Nicolai Edinger Balle sem kom út í 27 útgáfum frá lokum átjándu aldar til loka þeirrar nítjándu og hafa vafalaust flestir íslenskir unglíngar þess tíma kynnst grundvallartextum Biblíunnar gegnum þá endurritun.¹¹ Reglurnar fimm um þýðingar ber því að skoða í því ljósi, en einnig sem almennar reglur um þýðingar, þýðingar tengdar túlkun Biblíunnar eins og oft vill verða hjá guðfræðingum:

- 1) Engin er sú útlekking til, getur verið, eða á að vera, sem ei gangi nockuð frá orðunum.
- 2) Dr. Lúthers útlekking og ockar Biskups Þorláks Skúlasonar Biblíu gjöra það allvíða, þær bæta orðum sumstaðar inni, og sleppa þeim aptur annarsstaðar [...].
- 3) Allvíða sýnist vera rétt útlagt, en er samt ekki, því vér skiljum í voru túngumáli annað með viðlíka orði enn hebreskir meintu: t.d. fríður réttlátur [...].
- 4) Ef Biblían ætti orð fyrir orð að útleggjast skildi hana einginn ólærður, og sú útlekking yrði að aðhlátri. T.d. Nefið af erfð minni. Psálm. 16.6. Nablinn af jörðinni Ezek. 38.12 [...] því hvört eitt túngumál hefir sína talshætti og orðatiltæki fyrir sig [...].

11 Hannes Finnsson mun hafa farið yfir þýðinguna og gert á henni lagfæringar.

- 5) Þeir sem útleggja eina eða aðra Biblíu bók, eða alla Biblíuna, kunna að hafa ýmislegan tilgang: einn gjerir útlekkingu handa viðvæningum til að geta borið hratt hennar orð saman við höfuðtextann, þar verður að tína eitt orð eptir annað; annar ber sig að finna andagipt hinna heilögu skrifara, gjöra þeirra þanka eins lifandi með skáldskapargáfu í útlekkingunni, eins og þeir voru í aðalritinu, þar verður að umflæða hvern einn þánka, smíða hann eptir því formi, sem útleggjarans tungumál útkrefur, og gjöra allt eins snoturt og hnittilegt eins og það finst í höfuðtextanum; þriðji ætlar sér að ganga meðalveginn, láta allt vera auðskilið handa einföldum og ólærðum, en þó hreina útlekkingu. Allir sjá, að ef hvörjum þessara tekst verk sitt vel, verður ærinn mismunur á útlekkingunum, en meiningin á að vera og verður í öllum hin sama (xvii-xx).

Það má kannski segja að Hannes biskup feti hér í fótspor Étiennes Dolets, píslarvotts þýðenda sem brenndur var á báli fyrir meinta rangþýðingu á Platoni, en hann setti einnig fram fimm reglur um þýðingar þótt þær séu nokkuð öðruvísi en þessar nema að því leyti að áherslan á að forðast bókstafsþýðingar er hin sama og má reyndar rekja hana aftur til Rómverja á borð við Hóras og Cícero. Markverðara er að skömmu áður hafði Alexander Fraser Tytler gefið út merka bók um þýðingar og regluverk fyrir þær í anda Upplýsingarinnar; ekkert verður fullyrt um hvort Hannes hafi þekkt það verk, en andinn er hinn sami, sprottinn upp úr sams konar jarðvegi.

Grundvallarhugsun Lúthers um þýðingar er einnig að finna í reglum Hannesar og vísar hann beint til hans og reyndar einnig hinnar svokölluðu Þorláksbiblíu frá fyrri hluta sautjándu aldar (1637/1644) sem er dálítið sérstakt þar sem tvær útgáfur Biblíunnar höfðu komið út eftir það, Steinsbiblía, sem svo var kölluð, árið 1734 og Waysenhúsbiblían svonefnda árið 1747, en reyndar þótti sú fyrri afleit einmitt fyrir þá sök sem Hannes bendir mönnum á að forðast og sú síðari er að mestu endurprentun Þorláksbiblíunnar þannig að Hannes hefur talið hana vera þá síðustu sem í „gildi“ mátti telja.¹²

12 Fróðleik um útgáfusögu Biblíunnar á íslensku hef ég úr blaðagreinum eftir Sigurð Ægisson og hann kom upphaflega með í lokaritgerð sinni: *Þýðingar helgar: saga íslenskra biblíuþýðinga frá öndverðu til okkar daga*. Reykjavík, 1985. Yfirlit um biblíuþýðingar hafa einnig ritað Steingrímur Þorsteinsson, „Íslenskar biblíuþýðingar“ í *Víðförla: tímariti um guðfræði og kirkjumál*. Reykjavík, 1950. S. 48-85; Magnús Már Lárusson ritaði athugasemdir og viðauka við *Ágrip af sögu Biblíunnar* eftir Ebenezer Henderson sem kom út í Reykjavík 1957; Guðrún Kvaran hefur einnig ritað fjölmargt um biblíuútgáfur frá ýmsum sjónarhornum, nú síðast um „Merkingarsvið hins heilaga í íslensku máli“ í *Ritroð Guðfræðistofnunar*. Ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun, 2005. S. 27-34.

Opna hugsun Hannesar um tilgang þýðinga verður einnig að telja mjög nýstárlega og raunar í takt við það sem gerst hefur á undanförunum áratugum á þessu sviði eftir að *Skopos*-kenning Hans J. Vermeer og Katharinu Reiss kom fram með mikla áherslu á tilgang þýðingarinnar og mótun hennar samkvæmt því.¹³ Einnig má lesa úr þessu allnúttímalega málvitund og skilning á mismuni menningarheima eins og hann endurspeglast í málnotkun.

Nokkrum árum síðar studdi Halldór Jakobsson, sýslumaður, hugmyndir Hannesar með bæklingi sínum *Athugaverdt við útlekkingar*, sem er, eins og fyrr sagði, kannski fyrsta sjálfstæða umfjöllunin um þýðingar á íslensku. Ritgerð Halldórs, er þó engan veginn endurómur af verki Hannesar sem hann vísar hreinskilnislega til orðum sínum til áréttingar. Hann gagnrýnir vissulega fyrirleggjandi þýðingar og sömu þætti tungumálamismunar sem leiða til þunglamalegra þýðinga, en hann kemur með aðrar reglur sem minna reyndar enn frekar á Dolet og Tytler en reglur Hannesar. Þar kemur krafan um þekkingu á hinu erlenda tungumáli sterkar fram en hjá Hannesi, sem og krafan um tryggð við frumtextann, sem Hannesi hefur kannski þótt vera of sjálfsgöð til að setja fram í sérstakri reglu.

Merkasta atriðið er þó kannski hugmyndin um þýðingar til þekkingarauka þjóða, þ.e. kafli sem fjallar um tvo fræga franska sautjándu aldar þýðendur, Nicolas Perrot d'Ablancourt og Olivier Patru, en þeir þýddu m.a. Cíceró saman sem einnig setti fram áhrifamiklar skoðanir um aðlögun þýðinga að viðtökumáli og –menningu. Þess má til gamans geta að þýðingar Ablancourts voru með þeim fyrstu sem kenndar voru við klisjuna karllægu um fagrar, en ótrúar konur, öfugt við hinar miður fögru, sem aftur væru trúar. En eitt lykilatriðið sem Halldór ténir fram er menningarlegt hlutverk þýðinga fyrir nútímaþjóðir sem til urðu upp úr húmanisma og siðskiptum. Hann orðar það auðvitað ekki þannig, heldur bendir hann á að Ablancourt, „sá franski lærði Doctor, héllt sig ecki ofgóðann til að útleggja annara rit, á sitt móður-mál, og að hann hefir álitid það erfidi nytsamlegra, enn að skrifa saman nýjar bækur, sem eckért nýtt innihéldu“. Í þessum orðum koma saman tveir meginstraumar þess sem ég hef kallað móðurmálshreyfingu eða móðurmálshyggju og byggir í fyrsta lagi á því menningarlega gildi sem móðurmálin fengu upp úr húmanisma og siðskiptum og í öðru lagi á hinu menningarlega auðmagni sem lá í fornum klassískum textum og Biblíunni. Þetta var aðeins unnt að sameina með þýðingum á textum og formum og fólst þannig tilurð hinna nýju þjóða nýaldar að miklu leyti í þýðingum.¹⁴

13 Um hana má helst lesa í *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Tübingen: Niemeyer, 1984.

14 Um þessi efni hef ég fjalla ýtarlega í *Literary Diplomacy I/II*. Frankfurt/M: Peter Lang, 2005.

Viðhorfin, valdið og ætternið

Mennt er máttur segir þýtt máltæki og menn eigna Francis Bacon, og vissulega má segja að þekkingin hafi leikið lykilhlutverk við að breyta viðhorfum manna til biblíutexta og túlkunar þeirra. En ný túlkun slíkra lykiltæki byggir ekki aðeins á nýrri þekkingu eða breyttum viðhorfum í krafti hennar, heldur einnig hreinlega á valda- og réttindabaráttu. Þetta var strax ljóst með Lúther þar sem furstar voru fljótir að skilja breytingar á valdahlutföllum í tengslum við þau viðmiðaskipti (e. *paradigm shift*) sem urðu við ádeilur hans og síðast en ekki síst þýðingu á Biblíunni. Sama má segja um bændurna sem gerðu uppreisn 1524, þeir fundu einnig fyrir þeim valdbreytingum sem voru að eiga sér stað og reyndu að grípa tækifærið til að losna undan kúgun og áþjám. Þeim varð ekki að ósk sinni fyrir en nokkrum öldum seinna þegar ný viðmiðaskipti urðu og aftur má kannski rekja þau samhliða breytingum í viðhorfum til texta og þýðinga.

Það er athyglisvert að sjá einmitt þjóðernislegri viðhorf til tungunnar í ritgerðum Hannesar Finnssonar og Halldórs Jakobssonar en tíðkuðust við biblíuþýðinguna á fyrri hluta átjándu aldar, hina svokölluðu Steinsbiblíu. Hún þykir dönskuskotin og óíslenskuleg og mun ekki hafa notið mikillar hylli almennings ef marka má þá staðreynd að í reynd var fyrirrennari hennar, Þorláksbiblía, endurprentuð nokkrum árum seinna og að Hannes Finnsson ættfærir hana ekki einu sinni í umfjöllun sinni um biblíuþýðingar í *Kvöldvökum*.

En það eru fleiri þættir sem snerta viðhorf, völd og/eða réttindi manna. Ný þýðing Biblíunnar núna hefur verið nokkuð umdeild, eins og reyndar flestar þýðingar þar sem einhverjar breytingar koma fyrir, því þá vaknar aftur togstreitan um hinn tvöfalda sannleika textanna, textans sjálfs og texta þýðingarinnar. Umræða um kynjað málfar hefur einkum verið þar í fyrirrúmi á forsendum þess að konur og samkynhneigðir eigi rétt á að málfar Biblíunnar taki mið af þeim breyttu viðhorfum sem nú ríkja, þeim viðmiðaskiptum sem átt hafa sér stað í samfélaginu. Þetta hefur í raun alltaf átt sér stað við hverja þýðingu og hlýtur að gera það eins og Hannes Finnsson benti á í *Kvöldvökunum*. En á sama tíma hafa alla tíð þeir andmælt sem hafa annan skilning á textanum og virðist sá texti oft vera bundinn við þeirra eigin fyrstu viðtöku á honum. En bókstafstrúin er, eins og kunnugt er, blind á þekkingu.

Ættfærsla texta er hins vegar mikilvægur þáttur biblíuþýðinga og er þá átt við hana í bókmenntafræðilegum skilningi textatengsla og á rætur að rekja til fræðikonunnar Julíu Kristevu, en hún sér hvern texta að vissu leyti sem afkomanda annarra texta, ekki aðeins þegar unnt er að benda á bein tengsl þeirra á milli, heldur einnig þegar rekja má tilurð eins texta til einhvers sem á undan kemur. Það má kannski líkja



Málverk Anthonis Van Dyck af heilögum Híerónýmusi frá 1615–16.

Þessum hugmyndum við öfugt ættartré þar sem hver og einn texti á marga forfedur bæði í beinan legg og óbeinan.

Þetta á ekki síst við um biblíuþýðingar þar sem við höfum t.d. sjötíumannaþýðinguna, hebreska texta Gamla testamentisins, grískar útgáfur Nýja testamentisins og Vúlgötu Híerónýmusar mjög ofarlega í ættartölunni, en að einhverju leyti eru allir þessir textar inni í þeim síðasta, auk þeirra sem þar eru á milli og hafa haft einhver áhrif innan þess svæðis þar sem ný þýðing er gerð hverju sinni.

Þessa athugun má síðan vel yfirfæra á sögu íslenskra biblíuþýðinga eins og Sigurður Ægisson, Gunnlaugur A. Jónsson og fleiri hafa rakið hana. Þar sjáum við að flestar eru komnar í beinan legg frá þeim sem á undan koma, líka þær sem að markmiði hafa að bæta eða breyta fyrirbyggjandi þýðingu. Fyrirbyggjandi þýðingar virðast þannig ekki síður þungar á metunum við hverja „nýþýðingu“ og vera stundum jafnvel hryggjarstykkið. Og ekki má gleyma því að þýðing þar sem fyrri þýðingu er hafnað tekur samt sem áður mið af hinni fyrri, athugun á frumtextanum er í raun aðeins til fá staðfesta hina nýju sýn. Þannig hafa þýðingar biblíutexta í raun orðið hluti af frumtextum Biblíunnar, og eru, rétt eins og Biblían á hverjum tíma og aðrir afkomendur hennar í formi endurritana og biblíusagna fyrir börn, í raun frumtextar þeirrar kristni sem menn iðka hverju sinni.

Dr. Gunnar Kristjánsson

„Sverær vaknar Guð?“¹

Biblían í íslenskum samtímabókmenntum

Inngangur

Þegar fjallað er um Biblíuna og bókmenntir kemur mér fyrst í huga svar Bertolts Brecht (1898–1956) þegar hann var spurður um uppáhaldslesefni sitt: „Þið farið að hlæja – Biblían!“ Það þarf því ekki að koma á óvart að tilvitnanir til Biblíunnar skipti hundruðum í verkum hans.¹ Þegar Brecht gaf blaðamönnum þetta svar (1927), sem hefur síðan orðið klassískt í umfjöllun um Biblíuna og samtímabókmenntir, var hann yfirlýstur guðleysingi. Þess vegna vakti svar hans meiri athygli en ella en sýnir jafnframt að Biblían er ekki aðeins bók hins kristna trúarsamfélags í þröngum skilningi heldur er áhrifasvið hennar mun víðara. Og þá má hafa í huga að stóra hluta Gamla testamentisins er einnig að finna í Kóraninum. Biblían hefur því kallast á við ár og aldir og átt sinn þátt í mótun margra strauma vítt og breitt um heiminn. Hún nýtur eindreginnar sérstöðu í heimi bókmenntanna, áhrifamáttur hennar er meiri en annarra bóka og birtist með ýmsum hætti í öllum greinum menningarinnar.

Ekki verður annað séð en sama máli gegni um íslenskar fagurbókmenntir undanfarinna ára. Það á við um ljóð og sögur, leikrit, kvikmyndir og dægurlagatexta. En þá mætti spyrja með hvaða hætti biblíutextinn birtist í bókmenntum samtímans, hvað sækir rithöfundurinn helst til Biblíunnar og hvernig vinnur hann úr því efni. Það er umfjöllunarefni þessarar greinar.

Hér verður ekki reynt að eltast við beinar tilvitnanir í Biblíuna, sem er út af fyrir sig áhugavert efni. Það væri með öðrum orðum fróðlegt að skoða hvaða ritningargreinar koma helst fyrir í skáldsögum eða leikritum líðandi stundar, svo sem þekktir staðir eins og „Sælir eru fátækir í anda, „Hinir síðustu verða fyrstir“ eða „Sannleikurinn

1 Schultz, Hans Jürgen (Hg.), *Sie werden lachen, die Bibel*. Kreuz verlag Stuttgart 1975.

mun gjöra yður frjálsa“. Eða í ljóðum eins og „Þegar lyfturnar í blokkinni bila“ eftir Megas², viðlagið er þannig:

En þegar lyfturnar í blokkinni bila
og báðar í einu
tak sæng þína og gakk
stígvélaður niður stigann
en stilltu öllu í hóf – ekki sliga hann
stilltu þig um það að sliga hann.

Einnig óbeint, sbr. vísun til Fjallræðunnar í ljóði Hannesar Péturssonar (Matth. 7.4-5):

Takið eftir börnunum
hjá tjörninni hérna sunnan við!

Þau námu skyndilega staðar
og stara nú hingað. Grafkyrr.
Orðlaus.
Eitthvað sjá þau, lostin furðu.

Þjálkann?
Er þjálkinn svona greinilegur?
Skjagar hann út
úr augum okkar hvers um sig?³

Biblíutextinn er iðulega til staðar í bókmenntaverki án þess að beinlínis sé vitnað til hans. Hann kann að vera eins konar fyrirmyndun eða grunnur að heilu verki, stóru eða smáu, og er þá gjarnan settur inn í annað sögulegt samhengi, jafnvel án þess að nokkru sinni sé vísað beint til textans, nema þá hugsanlega í titli verksins. Í þessu efni er freistandi að nefna þekkt bókmenntaverk á tuttugustu öld eins og meistara- verkin *Jósef og bræður hans* (I–IV, 1933–42) eftir Thomas Mann (1875–1955) og *Austan Eden* (1952) eftir John Steinbeck (1902–68) um bræðurnar Cal og Aron.

Erindi fornra texta inn í nútímabókmenntir er áhugavert umhugsunarefni: hvers vegna verður goðsögnin um Adam og Evu og syndafallið grunnur að íslensku nútímaskáldverki? Hvers vegna verður píslarsaga Jesú grunnur að þriggja binda

2 Megas: Af plötunni *Drög að sjálfsmorði*, 1978.

3 Hannes Pétursson, Takið eftir börnunum, í: *Fyrir kvölddyrum*, Rvík 2006, s. 45.

ritverki úr Reykjavík nútímans? Hvers vegna verður frásaga Lúkasar um tvo unga menn á leið til þorpsins Emmaus fyrirmyndun nútímaljóðs um lífsreynslu og lífstúlkun reykvísskálts? Spurningar af þessu tagi leiða hugann að mannlegri reynslu eins og hún birtist í bókmenntum að fornu og nýju og einnig að túlkun þeirrar sömu reynslu eins og hún kemur fram í bókmenntum sem byggjast á kristinni trúar- og menningarhefð fyrr og síðar.


Hitt er svo annað mál að nútímabókmenntir fjalla oft og einatt um trúarheimspekileg efni þar sem biblíutextinn er iðulega skammt undan þegar tilvistarspurningar vakna eða glímt er við siðferðislegar spurningar. Sama máli gegnir um söguleg skáldverk sem fjalla um trúarlegt eða kirkju-sögulegt efni þótt biblíutextinn sé þar einnig sjaldnast langt undan. Í þessu efni má nefna tímamótaverk Matthíasar Johannessen, *Sálma á atómöld* (1966)⁴, *Grámosinn glóir* (1986) eftir Thor Vilhjálmsson⁵, *Þorvald víðförla* (1995) eftir Árna Bergmann⁶, *Jólasögur* eftir Guðberg Bergsson (1995), *Reisubók Guðríðar Símonardóttur* (2001) eftir Steinunni Jóhannesdóttur, *Skáldsögu Íslands* (I-III, 2000-2004) eftir Pétur Gunnarsson, *Mariúmessu* (2004) eftir Ragnar Arnalds og sem dæmi um ævisögu mætti nefna *Upp á sigurhæðir: sögu Matthíasar Jochumssonar* (2006) eftir Þórunni Valdimarsdóttur.

Í þessari grein verður gripið niður í ýmsum bókmenntaverkum í þeim tilgangi að sýna ólíka fleti á því máli sem hér hefur verið opnað, þar er ekki um stranga kerfisbundna úttekt að ræða heldur fáein sýnishorn af hinum stóra akri íslenskra samtímabókmennta.

Nokkur dæmi

SKÖPUNIN - SKAPARINN

Hringleikar eru ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur⁷ þar sem dregin er upp mynd af skapanum í essinu sínu.



Klukkan í turninum. Ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur. Valgarður Gunnarsson málaði mynd á kápuna.

4 Sjá Gunnar Kristjánsson, „Samt var návist hans lögmál. Um Sálma á atómöld eftir Matthías Johannessen“, inngangur að 2. útg. verksins, *Sálmar á atómöld*, Rvík 1991, s. 9-21.

5 Sjá Gunnar Kristjánsson, „Guðsmenn og grámosi. Um presta í íslenskum bókmenntum“. *Andvari*, Rvík 1987, s. 103-120.

6 Sjá Gunnar Kristjánsson, „Vegur hins víðförla.“ *Tímarit Máls og menningar*, 56. árg., 1. tbl. 1995, s. 115-18.

7 Vilborg Dagbjartsdóttir, *Klukkan í turninum*, Rvík 1992, s. 17.

Jörðin okkar er bara súperbolti
Heimurinn svona sirkustjald
þar sem allt fer í hring
— Og Guð —
Hann er trúðurinn
sem kemur inn á milli atriða
til að skemmta krökkunum
Voða vitlaus karl
í allt of stórum skóm
Hann má ekki stíga á strik
samt missir hann engan af boltunum sínum.

Skaparinn er skemmtilegur og nýtur þess að skapa, allt leikur honum í höndum – og leikurinn er sterkasta einkenni hans. Hann getur allt. Hvaðeina lýtur öruggri stjórn hans. Hver veit upp á hverju hann tekur næst? Þannig er Guð sköpunarverksins.

Ljóðið *Á sjöunda degi*⁸ leiðir lesandann inn í kennslustund í grunnskólanum, sköpunin er á dagskrá og umræður eru greinilega í fullum gangi. Skaparinn hefur haft nóg að gera sex daga vikunnar, ekki síst þegar það er haft í huga að dagur hjá honum er eins og heil eilífið. Hann hafði skapað dýrin og blómin og svo rann sjöundi dagurinn upp. Hvað þá? Var Guð ekki þreyttur? Þurfti hann ekki að hvíla sig?

...
og þá fann Guð að hann var þreyttur /
hann fór að sofa. /
Börnin brosa /
þau skilja að Guð hlaut að vera þreyttur /
Öll nema Siggi litli /
skuggi færast yfir andlitið /
hann réttir hikandi upp höndina / og spyr óttasleginn: /
Hvenær vaknar Guð?"

Saklaus eins og höggormurinn læðist tilvistarspurningin inn í opinn og einlægan huga Sigga litla: Hvenær vaknar Guð? Hann skyldi þó ekki vera sofandi ennþá? Börn eru miklir trúarheimspekingar.

8 Vilborg Dagbjartsdóttir, *Klukkan í turninum*, Rvík 1992, s. 19.

EDEN - SYNDAFALLIÐ

Ólafur Jóhann Ólafsson hefur leitað inn á landareign Biblíunnar í skáldsögum sínum, m.a. í *Aldingarðinum* (2006). Titillinn vísar til goðsagnar Fyrstu Mósebókar um Adam og Evu: „Drottinn Guð plantaði aldingarð í Eden langt austur frá og setti þar manninn sem hann hafði myndað“ (1.Mós. 2.8). Hin ævafora saga um Adam og Evu gerist í aldingarðinum. Í paradís fortíðarinnar er ekki í kot vísað. En þar er höggormurinn einnig og hefur illt í huga, undan afleiðingum syndafallsins verður ekki vikist. Þeim kafla sögunnar lýkur með brottrekstri.

Í Aldingarði Ólafs Jóhanns Ólafssonar eru dregnar upp tólf svipmyndir í ótengdum sögum um samband karls og konu. Höfundurinn slær á ýmsa strengi ástarinnar og stillir upp ólíkum aðstæðum. Verkið hefst með því að gömul ást Maureen og Tómasar er endurvakin, en framundan er dauðastríð konunnar; ástin og dauðinn er hér gamalkunnugt þema. Þá er sagan um afbrýðisemi og tortryggni í hjónabandi Einars og Hildar. Lokasagan dregur tortryggni og afbrýðisemi fram í dagsljósið.

Goðsögnin um Adam og Evu hefur höfðað til fólks á öllum tímum. Því veldur sálfræðileg dýpt hennar og trúarlegur kraftur. Hún er hafin yfir tíma og rúm og þess vegna er hún sígild í orðsins fyllstu merkingu.

Aldingarðurinn er vettvangur ástarinnar. Persónur og leiksvið, atburðarás og umgjörð breytist frá einni sögu til annarrar en innst inni er hvaðeina öðru líkt og vísar til einfaldrar sögunnar um frumforeldrana. Annars vegar er þráin til hins góða, fagra og sanna en hins vegar firringin sem enginn fær yfirunnið í eigin krafti.⁹

Í Gamla testamentinu er aldrei minnst beint á söguna um Adam og Evu nema í upphafi Fyrstu Mósebókar og í Nýja testamentinu skiptir hún aðeins máli á einum



Henri Rousseau: *Le Rêve/Draumurinn* frá 1910.

⁹ Sbr. smásöguna „Adolf og Eva“ eftir Steinunni Sigurðardóttur í smásagnasafninu *Sögur til næsta bæjar*, Rvík 1981, s. 61-72. Sjá einnig „Hjónalíf“ eftir Megas, í bókinni *Megas*, textar, Rvík 1991, textinn er frá árunum 1968-71.

stað, hjá Páli postula, og þá er hún notuð sem fyrirmyndun eða táknmynd fyrir Jesús, sem Páll nefnir í því samhengi „annan Adam“.¹⁰

JÓLIN

Jólasögur úr samtímanum (1995) eftir Guðberg Bergsson eru spaugilegar sögur með þungum undirtóni. Hér er um að ræða sex jólasögur í góðlátlegum en stundum kaldhæðnislegum stíl. Heiti sagnanna segja sína sögu: Jesús kennir fólkinu að halda stiganum hreinum, Jesús kennir hámenntuðu fólki að slá lóðina sína, Jesús lætur ungan mann hætta að stela af ömmu sinni, Jesús kennir kommúnista að hætta að halda fram hjá konunni sinni, Jesús kemur á fjallajeppe og frelsar hjón úr nauðum og Telpan Jesú bjargar karlmanni frá drukkun á Kanaríeyjum.

Það kæmi varla á óvart að jólasögurnar hefðu hneykslað einhverja. Ástæðan er sú að hér er vikið frá hefðbundinni framsetningu á jólaguðspjallinu þar sem heilög alvara hvílir yfir. Og hér er enn fremur vikið frá klassískum jólasögum sem setja sinn svip á jól og aðventu.

Hér vantar ekki sýndarhelgi — enda er tilgangurinn augljós: að sýna jólabarnið í kaldhæðnislegu ljósi. Sumir kunna að taka dýpra í árinni: hér er hæðst að frelsaranum sjálfum. Eða fellur kaldhæðnislegt ljósið öllu heldur á samfélagið? Er það ekki sýndarhelgi þess sem sagan á að endurspeglar? Einhverjir kynnu að líta svo á að sögurnar væru tímabærar ádrepar: hvers vegna ekki að brjóta upp frásagnarhefðina sem tengist jölunum og hrista ærlega upp í öllu sem þeim tengist, ekki síst jólaundirbúningi sem virðist stundum órafjarri hátíðinni sjálfri — og þá ekki síst einmitt kjarna málsins: jólabarninu.

Í fyrstu sögunni segir frá jólaundirbúningi í íslensku fjórbylishúsi; allt er í fullum gangi. Koma jólabarnsins kostar þrotlausan undirbúning, svita og tár. Þegar jólin eru hringd inn í útvarpinu kl. 6 á aðfangadagskvöld hringir jólabarnið dyrasímanum og vantrúarviðbrögðum íbúanna er lýst. Þau krystallast í spurningu magistersins þegar hann spyr: „Til hvers kemur þú?“ (s. 17). Svar Jesúbarnsins kemur á óvart: „Til að skúra stigann...“ . Og síðan er það horfið. En íbúarnir lærðu að skúra stigann. „Upp frá því hefur dæmigerða skeljasandspússaða fjölbylishúsið angað af kristilegum ilmi...“

Spurning magistersins minnir á söguna af Rannsóknardómaranum mikla eftir Dostojevskij (felld inn í Karamazovbræðurna) þar sem Jesús guðspjallanna er látinn

¹⁰ Sjá einnig: Ólafur Jóhann Ólafsson, *Fyrirgefning syndanna*, Rvík 1991.

snúa aftur á tímum spænska rannsóknardómsins alræmda á miðöldum. Fólkið fagnar og hópast að honum en rannsóknardómarinn mikli verður brátt ósáttur við þennan Jesúm sem veldur óróa meðal fólksins. Í yfirheyrslunum yfir honum spyr rannsóknardómarinn spurningar sem oft hefur verið vitnað til: „Hvers vegna kemurðu til þess að trufla okkur?“ Og dæmir hann til dauða en breytir dómnum í útleiddardóm. Með þessari sögu kemur höfundurinn beinskeyttri þjóðfélags- og kirkjugagnrýni til skila þar sem Jesús sjálfur er æðsti mælikvarði.¹¹

Erindi jólabarnsins er óneitanlega tvíræðnara en með komu spámannsins Jesú inn á vettvang spænska rannsóknarréttarins í sögu Dostojevskýs en sagan skilur eftir spurninguna: Hvert er erindi jólabarnsins?¹²

PÍSLARSAGAN

Í ljóðabókinni *Höfuð konunnar* (1995) eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur er að finna ljóðið Kross¹³:

Ég hef verið hér áður

Landslagið auðþekkt:
úfin ströndin
eggvasst grjótið
aldan sem lemur...

Gegnum þokuna
grillir í dálitla hæð

Hugann grunar mannsöfnuð

Og einn að sligast
undir krossi

Ekkert efni Biblíunnar er eins algengt í bókmenntum tuttugustu aldar og píslarsagan. Þjáning mannsins var á dagskrá mestan hluta þeirrar aldar. Þar er hún skyld fyrri öldum, ekki hvað síst sextándu og sautjándu öld, öld píslarsálma og passíutónlistar – enda oft nefnd öld þjáningarinnar. Í myndlist og bókmenntum tuttugustu aldar eru vísanir til píslarsögu Jesú á hverju strái. Með því er horft til hins eindregna

11 Gunnar Kristjánsson, *Fjallræðuþólkið*, Rvík 2002, s. 112.

12 Ath einnig „Sagan af Jesúsi“ eftir sönghópurinn Baggalút; kom út síðla árs 2005.

13 Ingibjörg Haraldsdóttir, „Kross“, í ljóðabókinni *Höfuð konunnar*, Rvík 1995, s. 45. Sjá einnig „Golgata“ eftir Þorstein frá Hamri, *Sþjótalög á spegli*, Rvík 1982, s. 14.

samnefnara þjáningarinnar, þar sem hinn saklausi þjáist, gengur leið trúfestinnar á enda og þolir niðurlægingu heimsins. Þar sem grundvallarþættir mennsku og mannúðar eru kallaðir fram í dagsljósið. Í íslenskum bókmenntum er þessu efni hvergi gerð betri skil en í Heimsljósi (1937–40) Halldórs Laxness (1902–1998) þar sem jesúgervingurinn Ólafur Kárason lifir sína píslarsögu í íslensku samfélagi. Þeirri sögu lýkur á páskadag með sterkri vísun til upprisunnar.¹⁴

Í ljóðum Snorra Hjartarsonar (1906–1986) er vísað til píslarsögunnar og reyndar einnig annarra texta úr Biblíunni.

Ferðamaður

Þreyttur af göngu
leitaði ég mér hvíldar
í hljóðum garði við veginn

Það var stjörnuþjart og hlýtt
og ég lagðist í grasið
ekki langt frá þrem sofandi mönnum

Senn heyrði ég rödd gegnum svefninn
fjarlæga nálæga rödd
svo heita af kvöl
að ég hrökk upp og svipaðist um

Hann lá gegnt mér í rjóðrinu
á grúfu með breiddan faðm
reis upp á hnén
og bað og bað

Öll þessi angist og kröm
hvers átti hann að bíða
ég fór hjá mér ég hélzt ekki við

14 Gunnar Kristjánsson, *Fjallræðufólkið*, Rvík 2002, s. 89-119.

Og þegar ég sá blysnálgast garðinn
vopnaða menn á ferð
hljóp ég við fót
úr þessum hryllilega náttstað

Forðaði mér
út á veginn til Jeríkó.¹⁵

Í ljóðinu verður ferðamaðurinn vitni að sálarstríði Jesú í grasgarðinum Getsemane en hræðist og forðar sér á brott „út á veginn til Jeríkó“. Í ljóðinu Ég *heyrði þau nálgast*¹⁶, sem fjallar um Maríu og Jósef á flóttu með barnið til Egyptalands og ort er eftir innrásina í Ungverjaland árið 1956, svífur óneitanlega sami andi yfir vötnunum: tregablandin tilfinning skáldsins fyrir því hversu vonin á erfitt uppráttar.

Annað ljóð og jafnframt eitt umræddasta ljóð Snorra, *Í garðinum*¹⁷, fjallar einnig um Getsemane. Snorri grípur þar til mynda úr Opinberunarbók Jóhannesar og einnig úr Völuspá. Í fyrsta vísuorðinu blandar hann þessu hvoru tveggja saman: „lævi“ úr Völuspá en „remmu“ úr Opinberunarbókinni.

Í ljóðinu *Ef til vill* er dregin upp mynd af rjúpuunga, sem Snorri fann fastan á gaddavír norður í Þingeyjarsýslu. Honum tókst að losa hann af vírnum. Ljóðið fjallar ekki aðeins um ungann og lausn hans heldur um krossfestingu Jesú og upprisu hans. Þessir tveir atburðir tvinnast saman í ljóðinu. Þar með verður atburðurinn fyrir norðan þýðingarmeiri og innihaldsríkari en ella.



Leikritið *Dagur vonar* (1987) eftir Birgi Sigurðsson. Á myndinni eru Guðrún Gísladóttir, Sigríður Hagalín og Margrét Helga Jóhannsdóttir í hlutverkum sínum í frumuppfærslunni í Ídno 1987. *Dagur Vonar*: Ljósmynd: Ljósmyndasafn DV/Brynjar Gauti Sveinsson.

15 Snorri Hjartarson, *Hauströkkrið yfir mér*, Rvík 1979, s. 62–63. Fyrir *Hauströkkrið yfir mér* hlaut Snorri Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981.

16 Snorri Hjartarson, *Lauf og stjörnur*, Rvík 1966, s. 10.

17 Snorri Hjartarson, *Á Gnitahæði*, (Kvæði 1940–1952, 1960, s. 72–74).

Og sömuleiðis krossfestingin. Ljóðið fjallar ekki aðeins um þjáningu hins saklausa heldur einnig um vonina: „Og ef til vill fagnar hann/ upprisunótt . . .“.

Guðfræðilega skoðað virðist *náðin* oft verða Snorra tilefni ljóðs. Einnig mætti kalla þá lífsskynjun, sem hér er vikið að, hugboð um boðskap *upprisunnar* án þess að sá boðskapur sé beinlínis nefndur á nafn nema einna helst í ljóðinu *Ef til vill*¹⁸. Hér er átt við óvænta lausn, sem opnast skáldinu í svipleiftri: „ . . . óvænt líkn/ angráðu hjarta“ eða í ljóðinu *Fugl kom*¹⁹: „ . . . Höndin er full/ með frið og þrótt“. Vonin kemur óvænt og án alls tilverknaðar skáldsins.²⁰

Hér skal aðeins minnt á þrileik Ólafs Gunnarssonar frá árunum 1992–99, þar sem þíslarsagan svífur yfir vötnunum. Fyrsta bókin var Tröllakirkja (1992)²¹, fjórum árum síðar kom Blóðakur, (1996) og loks kom Vetrarferðin þremur árum síðar (1999), persónur eru ekki þær sömu í öllum verkunum. Á kápusíðu er fyrsta bókin kynnt með þessum orðum: „Tröllakirkja er efnismikil og dramatísk skáldsaga þar sem spurt er um sektina og fyrirgefninguna, manninn og Guð.“

Blóðakur hefst á tæpri blaðsíðutilvitnun í frásögn Mattheusarguðspjalls (v. 3-11) á afdrifum silfurpeninganna þrjátíu sem Júdas fékk fyrir að svíkja Jesúm. Hann fleygði þeim inn í musterið. „*En æðstu prestarnir tóku silfurpeningana og sögðu: Það er eigi leyfilegt að leggja þá í guðskistuna, þar sem þeir eru blóðs verð. En er þeir höfðu haldið ráðstefnu, keyptu þeir fyrir þá leirkerasmiðsakerinn til grafreits fyrir útlandinga. Fyrir því er akur þessi kallaður Blóðakur allt til þessa dags.*“

Leikritið *Dagur vonar* (1987) eftir Birgi Sigurðsson er íslenskt fjölskyldudrama og snýst um þjáningu mannsins.²² Lára býr með þrem stálpuðum börnum sínum eftir fráfall manns síns, þeim Reyni, Herði og Öldu sem er 26 ára og geðveik. Elskhugi hennar, Gunnar, er 38 ára atvinnulaus alkohólisti, Lára er tíu árum eldri. Þjáningin í leikritinu birtist í fjölskyldumynd þar sem linnulaus átök eru daglegt brauð innan veggja heimilisins. Óhamingja og þjáning svífur yfir vötnunum frá morgni til kvölds. Alda lifir í framandi heimi sjúkdóms síns, í leikritinu er það veröld hins góða, fagra og sanna og myndar algjöra andstæðu við raunveruleika líðandi stundar.

18 Snorri Hjartarson, *Lauf og stjörnur*, Rvík 1966, s. 26.

19 Snorri Hjartarson, *Hauströkkrið yfir mér*, Rvík 1979, s. 51.

20 Sjá nánar um efnið: Gunnar Kristjánsson, „Ef til vill“. Um trúarleg minni í ljóðum Snorra Hjartarsonar í tilefni af áttæðisafmæli skáldsins 22. apríl 1986. *Andvari*, Rvík 1986, s. 73–84.

21 Ólafur Gunnarsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2003 fyrir sögulega skáldsögu um Jón Arason biskup og syni hans: *Öxin og jörðin*, Rvík 2003.

22 *Dagur vonar* eftir Birgi Sigurðsson í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar og í sviðssetningu Leikfélags Reykjavíkur hlaut Grímuna og var valin „Sýning ársins 2007“.

Þegar Gunnar nauðgar Öldu er vendipunktur í verkinu. Þau tímamót voru undirstríkuð í uppfærslu verksins 2007 með því að láta hana falla á leikmyndina fremst á leiksviðinu (voldug möskvuð járngrind) svo að engu var líkara en um krossfestingu væri að ræða.

Í örvæntingarópi hins krossfesta endurspeglast guðsmynd Nýja testamentisins, það er ekki aðeins Jesús sem hrópar í örvæntingu þjáningarinnar („Guð minn, Guð minn hví hefur þú yfirgefið mig“) heldur einnig Guð. Nauðgun Öldu mætti setja inn í þetta samhengi. Í lok verksins upplifir Alda eins konar upprisu þegar hún læknast af sjúkdómi sínum og kemur að fullu til raunveruleikans á ný — sem þá er orðinn breyttur. Dagur vonarinnar er runninn upp.

Verkið er ekki aðeins raunsæisleg frásögn af þjáðri Reykjavíkurfjölskyldu á sjötta áratugnum þar sem hvaðeina virðist stefna í óefni, heldur sver verkið sig einnig í ætt við fjölmargar píslarsögur nútímans þar sem tenging skapast við þá píslarsögu sem þorri leikhússgesta þekkir. Með þeim hætti fær þjáningin ekki aðeins samfélagslega skírskotun heldur öðlast hún trúarheimspekilega dýpt.

Dægurlagatextar eru ekki undanskildir þegar fjallað er um píslarsöguna.²³ Nægir þar að nefna Megas og fjölmargar píslarsögur í hans ljóðum, bæði hans eigin píslarsögu og annarra. Íðulega má þá greina vísun til píslarsögu Jesú. Í ljóðinu „Marta, Marta (Hví hefur þú yfirgefið mig?)“ er krossfesting Jesú endursögð með afar framandlegum hætti, ljóðið hefst svona:

Marta Marta
kæra Marta
hví hefur þú yfirgefið mig?
því er ólokið og ófullkomnað
er það Marta
á mig hlýddu:
óuppgerða á ég skuld við þig
en ég er hér fastur
ætlaðu ekki að koma?²⁴

23 Sama máli gegnir um önnur þemu og hátíðir, m.a. jólin, sbr. m.a. „Sagan af Jesúsi“ eftir sönghópin Baggalút; sem kom út síðla árs 2005. Umfjöllun um jólatexta er sleppt í þessari ritgerð en þar er um auðugan garð að gresja.

24 Megas: af plötunni „Far þinn veg“, 2001. Sjá einnig „Um grimman dauða Jóns Arasonar“ á plötunni *Megas* 72, 1972.

UPPRISAN

Sigurður Pálsson tókst á við efni þar sem fæstir hafa erindi sem erfiði að því er virðist, upprisuna.²⁵ Ljóðið fjallar um leyndardómsfullan vatnsbera sem er ávallt á næsta leiti og birtist þegar síst varir. Það er öðrum þræði upprifjun skáldsins eða minningabrot þar sem gripið er niður í bernskuárin norður í Axarfirði eða ferðalög í framandi löndum. Skáldið bregður einnig upp svipmyndum úr sögu þjóðarinnar.

Einhvern tíma
milli nætur og dags
eða dags og nætur
kemur hann til okkar
alveg óvænt
Vatnsberinn sárþyrsti
Kemur hann
á líðandi stundu

Eða hver man ekki kvalræði
á hótélherbergi á efri hæðum
við lestarstöðina
þúsund
rása
sýn
í blindu sjónvarpinu
gluggatjöldin auka á hrollinn

Já
Þar
Og annars staðar já
Óvænt
Milli nætur og dags
Kemur hann til okkar
Á hverri líðandi stundu
Vatnsberinn sárþyrsti

25 Sigurður Pálsson, „Vatnsberinn sárþyrsti“, í: *Ljóð námu völd*, Rvík 1990, s. 33–35.

Í orðaskiptum Jesú og samversku konunnar, sem Jóhannes guðspjallamaður hefur haldið til haga segir hann: „Ef þú þekktir gjöf Guðs og vissir, hver sá er, sem segir við þig: „Gef mér að drekka, þá mundir þú biðja hann, og hann gæfi þér lifandi vatn“ (Jóh. 4.10). Vatnsberinn flytur manninum hið lifandi vatn. En hann er jafnframt sárþyrstur skv. frásögn Jóhannesar af krossdauda Jesú: „Jesús vissi, að allt var þegar fullkomnað. Þá sagði hann, til þess að ritningin rættist: „Mig þyrstir“.“ (Jóh. 19.28). En málið snýst ekki um þetta heldur um túlkun skáldsins á frásögn Lúkasar af göngu tveggja lærisveina til þorpsins Emmaus síðla páskadags; þeir hafa ekki heyrt um upprisu Jesú (Lúk. 24.13-33). Óþekktur göngumaður slæst í för með þeim, þeir þekkja hann ekki fyrr en hann sest til borðs með þeim í áfangastað og brýtur brauðið – en þá hverfur hann þeim sýnum.

Í ljóðinu er snilldarlega tekist á við þessa frásögn. Hinn óþekkti göngumaður slæst í för með skáldinu við ólíkar aðstæður, um víða veröld, á ýmsum æviskeiðum. Skyndilega er hann kominn, alltaf óvænt og ævinlega með hið lifandi vatn, raunar kemur hann á hverri líðandi stundu.²⁶

Lokaorð

Af tilfærðum dæmum má ráða að Biblían lifi góðu lífi á vettvangi íslenskra samtímabókmennta. Hún er enn sem fyrr óþrjótandi brunnur skapandi listamanna. Augljóst er að skáld og rithöfundar hafa þangað eitt og annað að sækja nú sem fyrr. Í því sambandi mætti spyrja tveggja spurninga.

Sú fyrri er þessi: Hvað er það í hinum fornu ritum Biblíunnar sem vekur helst áhuga rithöfundarins?

Rithöfundurinn leitar víða fanga í Biblíunni og tilgangurinn er misjafn frá einum höfundi til annars. Stundum sá að gefa textanum breiða skírskotun með því að kallast á við táknheim margra alda og nýta sér vísunarmátt hugtakaheims fornra rita og ótæmandi sjóðs þeirra í goðsögnum, frásögnum, dæmisögum og myndmáli og í túlkunarmætti þeirra fyrir líf mannsins. Í því efni finnur enginn betur en rithöfundurinn sjálfur að hann á samleið með hinum fornu höfundum þeirra rita sem fundu leið inn í *kanón* Biblíunnar, þegar hann glímir við þá þætti í mannlegri tilvist sem ævinlega virðast vera til staðar. Þar er átt við tilvistarspurningar mannsins að fornu og nýju: hvað er maðurinn, hvað um ástina, sektina, iðrunina, fyrirgefninguna, um mannleg samskipti, um samfélagið, hvernig varð heimurinn til, hvað um Guð og tilgang lífsins?

26 Sjá einnig ljóðið „Emmaus“ eftir Njörð P. Njarðvík í ljóðabókinni *Leitin að fjarskanum*, Rvík 1990, s. 10.

Textar Biblíunnar eiga því greiða leið inn í fagurbókmenntir. Oftast finnum við þar vísanir í sköpunarsöguna og syndafallssöguna, í hinar fornu goðsagnir um Kain og Abel, Nóa, ættfedurna og Jónas í hvalnum, einnig í Davíðssálma og Jobsbók, í texta Nýja testamentisins um boðun Maríu, fæðingu Jesú, vitringana, í Fjallræðuna, í frásögnum og dæmisögum guðspjallanna svo sem um bersyndugu konuna í húsi Símonar farísea, miskunnsama Samverjann og glataða soninn. Svo er að nefna heilaga kvöldmáltíð og annað efni píslarsögunnar, upprisuna og birtingarfrásagnir guðspjallanna, orð Jesú um efstu daga og endurkomuna og ljóð Páls postula um kærleikann sem ávallt hittir í mark og ekki má gleyma Jóhannesi skírara og skírinni. Einnig efni úr Apókrýfu ritunum. Og eru þá aðeins fá þemu nefnd af þeim aragrúa texta sem Biblían býður rithöfundum allra tíma upp á. Hér er vissulega veisluborð og hvaða rithöfundur hefur ekki gætt sér á krásunum, sumir nartað aðeins í, sumir ekki komist aftur frá borðinu. Hér er boðið upp á texta sem hafa kallast á við skáld og listamenn aldanna og markað spor í sögu menningarinnar.

Síðari spurningin gæti verið þessi: Hvað vekur áhuga guðfræðingsins á biblíu-textanum í samtímabókmenntum?

Við þeirri spurningu er ekkert einhlítt svar. Vera má að sumir leiti staðfestingar samtímabókmennta á eigin skilningi á textum Biblíunnar: Biblían fer ekki með fleipur, samtíminn kemst að sömu niðurstöðu, brunnurinn er ennþá gjöfull og vatnið er ennþá tært og svalandi. Í afstöðu af því tagi – sem iðulega gætir í samskiptum kirkjustofnunarinnar og listamanna – eru bókmenntirnar ekki teknar af fullri alvöru, sköpunarmáttur rithöfundarins og frelsi hans til sköpunar er tekið með eindregnum fyrirvara. Að baki þessari skoðun er ósk um að rithöfundurinn taki þátt í boðuninni, komi inn í samfélag hinna upplýstu og nýti náðargáfu sína til að verða trúnni að liði. Þegar litið er til sögunnar koma margar stórstjörnur bókmenntanna upp í hugann, bæði að fornu og nýju (Dante og Milton, Klopstock og Hallgrímur Pétursson, Dostojevskij og Tolstoj) þeir voru trúir textunum en á eigin forsendum og þeir voru trúir eigin sköpunarmætti.

Aðrir treysta á sköpunarkraft höfundarins, að hann sjái nýja fleti, sé gripinn af viðfangsefninu en ekki með sama hætti og kirkjan eða trúarsamfélagið vildi helst. Að hann eigi samtal við textann á eigin forsendum og engum öðrum. Að hann geti með handverki sínu og innsæi sett sig í spor Júdasar, dregið Lilith úr myrkrinu eða verið einn af lærisveinunum sem „...voru í vafa“ (Matth. 28.17), sest við kvöldmáltíðarborðið, smeygt sér inn í ham höggormsins – eða staðið frammi fyrir

Pílatusi. Rithöfundurinn heyr glímu við textann og beitir þar öllu afli eins og Jakob í sinni Jakobsglímu.

Marteinn Lúther var orðsmiður og bjó til ný hugtök, nýja hugsun á breytingatímum, hann óttaðist ekki ritningartextann heldur nálgæðist hann eins og hvern annan texta, sum rit Biblíunnar vildi hann helst fjarlægja úr hinni helgu bók. Skáld og rithöfundar þurfa að sækja í brunn Ritningarinnar eins og þeir sækja til annarra klassískra bókmennta. Textinn er aldrei eins, hann er háður skilningi og túlkun nýs tíma, hann er lifandi og býður til samtals, ekki aðeins við nýjar kynslóðir heldur við hvern þann rithöfund – og hvern þann listamann – sem nálgast hann í einlægni, en höfundurinn þarf einnig að vera sjálfum sér trúur og síðast en ekki síst lesendum. Textinn verður að nýjum texta í huga hvers og eins sem tekur við honum og gerir hann að sínum að öðrum kosti er hann dauður bókstafur. Sagan sýnir að texti Biblíunnar er lifandi texti, vefur orða, hugtaka, godsagna, frásagna og myndmáls. Hann er ekki aðeins orðin ein, heldur þrunginn lífi og innihaldi. Hann býr yfir túlkun og tjáningu sem kemur manningum við á öllum tímum og skilar sér inn í bókmenntir allra tíma, einnig okkar tíma.



Heilög ritning - orð Guðs og móðurmálið

Málþing og sýning í tilefni af útgáfu nýrrar þýðingar á Biblíunni

DAGSKRÁ

Föstudagur 19. október í Þjóðarbókhöðunni

Kl. 17:00-17.45

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, forseti Hins íslenska biblíufélags:
„Heilög ritning - orð Guðs og móðurmálið.“

Peim sem komu að þýðingarstarfinu afhent eintak af nýju þýðingu Biblíunnar

Ávarp: Kristín Bragadóttir sviðstjóri varðveislusviðs Landsbókasafns

Geir Haarde forsætisráðherra opnar sýninguna

Léttar veitingar

MÁLÞING

Laugardagur 20. október í Þjóðarbókhöðunni

Kl. 13.30

Guðrún Kvaran: Ný þýðing Biblíunnar

Gunnlaugur A. Jónsson: Náttúrulýsingar í biblíuþýðingu Haralds Níelssonar

Kaffihlé

Kl. 14:20

Gauti Kristmannsson: Rýnt í þýðingu Biblíunnar

Gunnar Kristjánsson: „Hvenær vaknar Guð?“ Biblían í íslenskum samtímabókmenntum

**Hið íslenska biblíufélag, Guðfræðideild Háskóla Íslands,
Íslensk málnefnd, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn,
Skálholtsskóli, Pýðingasetur Háskóla Íslands**

